# ÁRSSKÝRSLA VR
# 2025 - 2026



Umbrot/útlit: Reynir Albert Þórólfsson

Myndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

**Þetta er VR** 4

**Ávarp formanns** 6
Stjórn VR starfsárið 2025 - 2026 7

**Kjarasamningar** 8
Kjarasamningar VR 8
Aðrir kjarasamningar 8

**Kjaramál** 10
Þjónusta kjaramálasviðs 10
Vinnustaðaeftirlit 10
Dómsmál 11

**Sjúkrasjóður** 12
Sjúkradagpeningar 2025 12
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2025-2026 12

**Orlofsmál** 13
Um orlofshúsin 13
Afsláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila 13
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2025-2026 13

**Starfsmenntamál** 14
Starfsmenntanefnd VR 14
Ræktum vitið 14
Fagnám verslunar og þjónustu 15
Starfsgreinaráð 15
Lykiltölur 15
Stjórnir starfsmenntasjóða 2025-2026 15

**VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR** 16
Hvatning og stuðningur 16

**Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir** 17
Áskorun til Alþingis 17
Stjórn VR ályktar gegn launahækkunum æðstu ráðamanna 17
Yfirlýsing stjórnar VR vegna atlögu Viðskiptaráðs 17
Ályktun stjórnar VR gegn skerðingu Atvinnuleysistrygginga 17
Yfirlýsing VR um breytingartillögur í leikskólamálum 17
Fundir starfsárið 2025-2026 17
Nefndir og stjórnir 18
Erlend samskipti 19

**Starfsemi og rekstur félagsins** 20
Kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa 20
Starfsemi þjónustusviðs árið 2025 20
VR varasjóður 20
Félagsmál 20
Rannsóknir og kannanir 22
Útgáfu- og kynningarmál 22
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla 23
Skipulag skrifstofu VR 23
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2025 26
Trúnaðarmenn á vinnustöðum 26

**VR Annual Report 2025 - 2026**
English summary on p. 27 - 29

**Ársreikningur 2025** 32
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 32
Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra 34
Áritun óháðs endurskoðanda 35
Áritun félagskjörins skoðunarmanns 37
Rekstrarreikningur 2025 38
Efnahagsreikningur 31. desember 2025 39
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025 40
Skýringar 42
Skýringar - sundurliðanir 50
Skýringar - yfirlit um rekstur sjóða 58
Skýringar - efnahagur sjóða VR 59

## ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2025

| | |
|---|---|
| FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS | 41.400 |
| FJÖLDI AFGREIÐSLNA | 4.977 |
| FJÖLDI SÍMTALA | 28.114 |
| FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS | 7.685 |
| FJÖLDI AFGREIÐSLNA Í GEGNUM VEFSPJALL | 5.883 |
| UMFERÐ UM VR.IS | 382.000 |
| FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA | 1.798 |
| FÉLAGSGJÖLD | 2,4 ma.kr. |
| FJÖLDI GISTINÁTTA ORLOFSHÚSA | 24.600 |
| GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR | 3,0 ma.kr. |
| STARFSMENNTASTYRKIR, FJÖLDI | 8.438 |
| VR VARASJÓÐUR, STYRKIR | 924 m.kr. |
| VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA | 19.095 |

## KYNJABÓKHALD VR



## GREIÐSLUR ÚR VR VARASJÓÐI 2025




## SJÚKRASJÓÐUR VR

### HLUTFALL SJÚKRADAGPENINGA AF IÐGJÖLDUM




### FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÆR GREIÐSLUR ÚR SJÚKRASJÓÐI





Á liðnu starfsári 2025–2026 hefur stjórn sinnt fjölbreyttum verkefnum í þágu kjara og réttinda launafólks. Eitt mikilvægasta verkefni stjórnar hefur verið að fylgja eftir kjarasamningum sem undirritaðir voru árið 2024 og gilda til ársins 2028, að því gefnu að forsendur þeirra haldi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að greina þróun efnahagsmála, verðbólgu og launa og halda stjórnvöldum og atvinnurekendum við efnið svo samningar skili raunverulegum ávinningi fyrir félagsfólk. Forsendunefnd samninganna taldi í september að forsendur um þróun verðbólgu stæðust, en á sama tíma gagnrýndi VR orðræðu Seðlabankans sem hefur vísað til launaskriðs til að réttlæta háa vexti. Verðbólgan á sér fyrst og fremst rætur í óstjórn í húsnæðismálum en einnig að hluta til í gróðasókn fyrirtækja og það er fráleitt að ætla að laun séu megindrifkraftur verðbólgunnar. Félagið hefur lagt áherslu á að umræða um stöðu efnahagsmála verði byggð á heildstæðri mynd af kjörum og aðstæðum launafólks, ekki síst þar sem langvarandi hávaxtatímabil hefur skapað skýr skil á milli þeirra sem skulda annars vegar og hinna sem eiga. Þróun verðbólgu síðustu misseri og alvarleg staða á alþjóðavettvangi auka ekki bjartsýni okkar á stöðuna og er nú veruleg hætta á að forsendur samninganna bresti í haust. Það fer því vel á því að stjórn og kjaramálanefnd félagsins hafa unnið ötullega að undirbúningi næstu kjaraviðræðna. Undirbúningsvinnan gerir að verkum að félagið er tilbúið til kjarasamninga fari svo að forsendur samninga bresti og okkur verður nauðugur einn kostur að segja þeim upp.

Á starfsárinu hélt stjórn áfram að fylgja eftir uppbyggingu Blævar íbúðafélags og þróun þess í samræmi við stefnu VR í húsnæðismálum, þar sem markmiðið er að tryggja félagsfólki betra aðgengi að hagkvæmu og öruggu húsnæði. Um leið er óumdeilt að uppbygging óhagnaðardrifins leiguhúsnæðis er mikilvægur þáttur í að koma á stöðugleika á húsnæðismarkaði almennt. VR hefur jafnframt tekið virkan þátt í opinberri umræðu um húsnæðismál og stóð meðal annars fyrir fjölmennum fundi með Samtökum iðnaðarins snemma árs 2026 þar sem kallað var eftir skýrari stefnu stjórnvalda og aukinni ábyrgð þeirra á að tryggja næga og rétta uppbyggingu húsnæðis til framtíðar.

Á starfsárinu var jafnréttisbarátta kvenna í brennidepli í tengslum við Kvennaár 2025, þegar liðin voru 50 ár frá kvennafrídeginum í október 1975. VR tók virkan þátt í þeirri umræðu með málstofum, fræðslu og miðlun efnis um stöðu kvenna á vinnumarkaði, meðal annars um lífeyrismál kvenna og hið ósýnilega framlag þeirra í samfélaginu. Félagið studdi jafnframt við kvennaverkfallið 24. október og lagði sitt af mörkum til menningarviðburða Kvennaársins, meðal annars Kvennavöku – stórtónleikum sem haldnir voru í tilefni þessara tímamóta.

VR hóf útgáfu hlaðvarps haustið 2025 í tengslum við Kvennaárið. Í fimm þáttum var fjallað um stöðu kvenna á íslenskum vinnumarkaði fimmtíu árum eftir kvennafríið og rætt við konur sem starfa við ólík störf um reynslu þeirra og áskoranir í starfi. Á nýju ári hélt hlaðvarpið áfram undir heitinu H fyrir hagfræði, þar sem sjónum er beint að efnahagsmálum og hagfræði út frá sjónarhóli launafólks.

Leikskólamál voru ofarlega á baugi á starfsárinu enda hafa þau bein áhrif á möguleika launafólks til þátttöku á vinnumarkaði. VR tók virkan þátt í þeirri umræðu og lagði áherslu á að aðgengi að leikskólum sé grundvallarforsenda þess að foreldrar geti stundað vinnu og tryggt framfærslu fjölskyldna sinna. Félagið gagnrýndi meðal annars tillögur sem hafa rutt sér til rúms víða í sveitarfélögum og miða að því að stytta vistunartíma barna með verðstýringum, óháð aðstæðum foreldra. Slíkar breytingar geta haft víðtæk áhrif á stöðu foreldra, ekki síst mæðra, á vinnumarkaði. Barátta VR hefur skilað sér í að sum sveitarfélög hafa gætt hófs í gjaldskrárhækkunum en því miður hafa grundvallarbreytingar verið gerðar víða með innleiðingu tekjutenginga og þjónustuskerðingar. VR hefur í þessu samhengi lagt áherslu á að stjórnvöld og sveitarfélög standi við gefin fyrirheit með kjarasamningum og brúi bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla og byggi upp kerfi sem styður við fjölskyldur og jafna þátttöku kvenna og karla í atvinnulífinu.

Meðalfjöldi VR félaga árið 2025 var um 41.000 og stendur í stað á milli ára. Fjölgun síðustu ára hefur verið borin uppi af erlendu félagsfólki og lögð hefur verið áhersla á að það endurspeglist í starfsemi félagsins. Trúnaðarráð er fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr og á starfsárinu stóð VR,

að frumkvæði jafnréttisnefndar félagsins, fyrir átaki um inngildingu á vinnumarkaði. Inngilding er samvinnuverkefni sem er allra hagur að gangi vel upp.

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu tæplega 2.000 félögum aðstoð á skrifstofum VR í Reykjavík árið 2025 og þá hefur félögum fjölgað sem sækja styrki til sjúkrasjóðs, varasjóðs og starfsmenntasjóðs. Uppbygging sí- og endurmenntunar heldur áfram en mikilvægi hennar fer síst dalandi á tímum mikilla tæknibreytinga. VR félagar dvöldu rúmlega 24 þúsund nætur í orlofshúsum árið 2025, sem er 4,6% fækkun frá 2024 en nýting orlofshúsa var þó með mjög góðu móti á árinu, eða ríflega 75% sem er örlítið minni en á árinu á undan.

Sameining VR og Leiðsagnar, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi, hefur gengið vel og nú starfar innan VR öflug deild leiðsögufólks sem vinnur að því að byggja upp fagmennsku í allri umgjörð um störf leiðsögufólks. Þessi breyting á félaginu ýtir undir mikilvægi vinnustaðaeftirlits, sem VR hefur sinnt af krafti og tekið einnig þátt í samstarfi stéttarfélaga þar að lútandi á vettvangi ASÍ. Hæst bar samstillt átak á fjölförnum ferðamannastöðum í uppsveitum Suðurlands í samstarfi við lögreglu, Vinnueftirlitið og Skattinn. Brotastarfsemi á vinnumarkaði vegur að réttindum alls launafólks og því er samstarf stéttarfélaga í þessum efnum til fyrirmyndar.

Á starfsárinu var einnig efnt til atkvæðagreiðslu um styrkjakerfi félagsins en reglulega sprettur upp gagnrýni á VR varasjóð. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var afgerandi og félagsfólk valdi að viðhalda varasjóðnum. Í málefnum þar sem skoðanir eru skiptar innan stjórnar og trúnaðarráðs er mikilvægt að geta leyft félagsfólki að eiga síðasta orðið og því er full ástæða til að hvetja VR félaga til að nýta kosningarétt sinn í hvívetna!

Að baki er viðburðaríkt starfsár og vil ég nota tækifærið og þakka stjórn og trúnaðarráði einstaklega góða samvinnu sem hefur einkennst af virðingu og heiðarleika, líka þegar skoðanir eru skiptar. Slíkt er sérstaklega dýrmætt á róstursömum tímum þar sem átakagleðin er mikil og minni áhugi á að iðka samvinnu og samstöðu. Sameiginlegir hagsmunir launafólks eru eftir sem áður ríkir og það er ævinlega hlutverk stjórnar og trúnaðarráðs að vinna að þeim af krafi og heilindum.

**Halla Gunnarsdóttir, formaður VR**



## STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2025 - 2026

Halla Gunnarsdóttir formaður, Ólafur Reimar Gunnarsson varaformaður, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir ritari
Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl F. Hilmarsson Thorarensen,
Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir,
Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson

**Til vara:** Eldar Ástþórsson



**Stjórn VR 2025 – 2026**, fremri röð frá vinstri: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Eldar Ástþórsson
Efri röð frá vinstri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Karl F. Hilmarsson Thorarensen, Tómas Gabríel Benjamin, Styrmir Jökull Einarsson, Birgitta Ragnarsdóttir, Þórir Hilmarsson og Sigríður Lovísa Jónsdóttir.
**Breytingar á stjórn:** Í júní 2025 hætti Harpa Sævarsdóttir í stjórn VR. Þórir Hilmarsson varð því aðalmaður í stjórn, Birgitta Ragnarsdóttir varð fyrsti varamaður og Eldar Ástþórsson annar varamaður. Diljá Ámundardóttir hætti í stjórn VR í nóvember 2025 og Birgitta Ragnarsdóttir varð aðalmaður.

Ljósmynd: Birgir Ísleifur

## Kjarasamningar VR

Skömmu fyrir aðalfund VR árið 2024 undirritaði félagið nýja kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda sem gilda til 31. janúar 2028, að því gefnu að skilgreindar forsendur samningsins haldi. Forsenduákvæði samningsins kveða meðal annars á um ákveðin markmið um þróun verðbólgu og efnahagsmála á samningstímanum.

Á starfsárinu 2025-2026 fylgdist stjórn VR náið með þróun efnahagsmála í ljósi þessara forsendna. Sérstaklega var horft til verðbólgu, vaxta og þróunar á húsnæðismarkaði, sem hafa veruleg áhrif á kaupmátt launafólks og stöðugleika kjarasamninganna. Á starfsárinu fjallaði launa- og forsendunefnd kjarasamninga, skipuð fulltrúum ASÍ og SA, um stöðu samninganna og í október 2025 var niðurstaða nefndarinnar að forsendur samningsins hefðu haldið. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með þróun efnahagsmála og meta hvort forsendur samninganna standist. Í mars 2026 úrskurðaði nefndin að kauptaxtaauki tæki gildi frá 1. apríl 2026, sem felur í sér 0,06% hækkun kauptaxta vegna þess að laun á almennum markaði höfðu hækkað umfram taxta. Í september 2026 mun nefndin aftur leggja mat á samningsforsendur þar sem horft verður til þróunar verðbólgu.

## Undirbúningur komandi kjaraviðræðna

Undirbúningur fyrir næstu kjaraviðræður var stór þáttur í starfi stjórnar VR á starfsárinu. Kjaramálanefnd félagsins vann að greiningu á stöðu vinnumarkaðar og efnahagsmála auk þess að móta tillögur um skipulag og verklag við komandi samningaviðræður.

Í þeirri vinnu lagði kjaramálanefnd fram tillögu að starfsreglum fyrir sérstaka viðræðunefnd sem skyldi annast undirbúning og framkvæmd kjaraviðræðna fyrir hönd félagsins. Tillagan var kynnt stjórn VR og samþykkt samhljóða á stjórnarfundi í febrúar 2026. Samþykkt starfsreglnanna tryggir skýra verkaskiptingu þar sem samninganefnd fer með umboð félagsins en viðræðunefnd undirbýr og leiðir kjaraviðræður á grundvelli stefnu, krafna og breiðrar aðkomu félagsfólks.

## Aðrir kjarasamningar

VR hefur átt í áframhaldandi viðræðum við Icelandair fyrir hönd starfsfólks sem starfar í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Sú vinna snýr að því að endurskoða vinnufyrirkomulag starfsfólksins sem einkennist m.a. af svokölluðum „stubbavöktum“ þar sem vinnutími er ekki samfelldur yfir daginn. Þær viðræður standa enn yfir.

Kjarasamningur VR og annarra stéttarfélaga starfsfólks hjá Norðurál og Elkem Ísland var samþykktur í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félaganna sem lauk á hádegi þriðjudaginn 22. apríl 2025. Báðir samningar voru samþykktir með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Í atkvæðagreiðslu um kjarasamning við Elkem sögðu 80,62% já og nei sögðu 14,73%. 4,65% tóku ekki afstöðu. Á kjörskrá voru 151 og kosningaþátttaka var 85,43%. Í atkvæðagreiðslu um kjarasamning við Norðurál sögðu 72,76% já og nei sögðu 24,06%. 3,18% tóku ekki afstöðu. Á kjörskrá voru 684 og kosningaþátttaka var 73,54%.






VR

## ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu 1.620 félögum aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2025 sem er 14% fækkun frá árinu áður. Á árinu hófst talning á heimsóknum félagsfólks á skrifstofu félagsins í Reykjanesbæ en ekki hafði verið haldið utan um fjölda þeirra heimsókna fyrr, það voru alls 263 sem leituðu þangað. Alls voru því 1.883 félagar sem hittu sérfræðinga á kjaramálasviði á skrifstofum félagsins árið 2025.

Sérfræðingar sviðsins stofnuðu 1.798 ný mál á árinu 2025 samanborið við 1.628 árið 2024. Mál eru stofnuð ef sérfræðingar sviðsins telja ástæðu til eða þegar frekari aðstoðar er enn þörf í kjölfar fyrsta samtals. Þannig metur kjaramálasérfræðingur í hverju tilfelli fyrir sig hvort nauðsynlegt er að skrá þá ráðgjöf sem veitt er, þó málið sé ekki tekið lengra. Það hefur sýnt sig að slík skráning hefur skipt sköpum þegar aðili hefur þurft að leita aftur til kjaramálasviðs. Mál í þjónustuveri eru stofnuð eftir heimsókn á skrifstofu eða tölvupóstsamskipti. Algjör undantekning er að mál séu stofnuð eftir samtal í síma eða vefspjalli.

VR veitti 366 umsagnir um atvinnuleyfi útlendinga sem er aukning frá 2024. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.

Fyrir utan skráð mál vegna umsagna um atvinnuleyfi í þjónustuveri eru málin 1.431 árið 2025 samanborið við 1.291 árið 2024. Í þeim 1.431 málum voru 44% málsaðila með erlent ríkisfang samanborið við 39% árið 2024. Af þessum málum voru 60 mál stofnuð vegna mála fyrir leiðsögufólk. Af stofnuðum málum voru 48 vegna einstaklinga sem voru 18 ára og yngri samanborið við 64 árið áður.

### FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA*




*Fjöldi án umsagna vegna atvinnuleyfa til erlends félagsfólks

Flest mála sem komu til kasta sérfræðinga sviðsins sneru að uppsögn eða starfslokum eða 345 talsins. Ráðgjöf og skoðun mála þar sem aðila var sagt upp fyrirvaralaust, þ.e. þar sem VR félaga hafði verið sagt upp án þess að fá uppsagnarfrest, voru 56. Mál sem varða launaútreikninga voru 251 talsins og mál tengd yfirferð launaseðla voru 93. Mál sem varða samskipti á vinnustað, einelti og kynferðislega áreitni voru 52 á árinu 2025 sem er svipaður fjöldi og árið áður.

Kjaramálsvið afgreiddi að meðaltali 33 fyrirspurnir sem bárust með tölvupósti á dag á árinu 2025, 27 símtöl og að meðaltali 5 vefspjöll á dag. Samskipti sérfræðinga kjaramálasviðs og félagsfólks eru mikil og eru snertingar um 80 á degi hverjum.

Alls barst VR 61 ábending í gegnum nafnlausan ábendingahnapp á vef félagsins samanborið við 43 árið 2024, en sú þjónusta var fyrst tekin í notkun í nóvember 2023.

### Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2025 - 2026 var VR með 271 mál í vinnslu, þar af voru 75 mál til vinnslu hjá lögmanni félagsins. Af þessum málum eru 3 vegna ársins 2023 og 22 mál eru vegna ársins 2024.

VR innheimti alls um 549 milljónir króna fyrir 347 VR félaga á árinu 2025 sem er um 35% hærri upphæð en innheimt var árið áður. VR sótti kröfur fyrir alls 135 félaga í þrotabú 28 fyrirtækja á árinu. Árið á undan voru fyrirtækin 32 talsins, en þá voru sóttar kröfur fyrir 86 félaga.

## VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Vinnustaðaeftirlit VR byggir á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem tók gildi árið 2010. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í heimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga.

Á árinu voru skráðar kennitölur 577 fyrirtækja sem eru 300% fleiri kennitölur en árið áður og skráð starfsfólk hjá þessum fyrirtækjum var alls 1.229 sem er 200% fleira fólk en árið áður. Ein aðalskýring á þessari aukningu var eftirlitsátak sem vinnustaðaeftirlitsfulltrúar VR og ASÍ tóku þátt í með fólksflutningum og leiðsögn í ferðaþjónustu sumarið 2025. Átakið var skipulagt og framkvæmt í samvinnu við lögreglu, Skattinn, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið. Í því átaki voru skráðir allir verktakar og þeir sem eru sjálfstætt starfandi og telst hver og einn slíkur aðili sem fyrirtæki.

Á árinu voru mál 20 einstaklinga tilkynnt til ASÍ,

lögreglu, Vinnumálastofnunar, slökkviliðsins, Skattsins, Vinnueftirlitsins og/eða Persónuverndar. Tilkynningarnar voru fimm fleiri en árið áður.

## DÓMSMÁL

53 málum var stefnt á árinu af lögmanni félagsins og hafa þau aldrei verið fleiri. Árið 2024 voru stefnurnar 15. Þrettán mál voru felld niður þar sem fyrirtækin voru tekin til gjaldþrotaskipta á árinu og dómssátt náðist í 18 málum, þar af var eitt frá fyrra ári.

Alls voru fjögur mál rekin fyrir héraðsdómi, þar af þrjú sem stefnt hafði verið árið áður. Þrjú mál unnust að fullu en beðið er eftir niðurstöðu í fjórða málinu. Einu af þessum þremur málum hefur verið áfrýjað til Landsréttar af hálfu fyrirtækisins og verður það tekið fyrir árið 2026. Alls voru fimm mál rekin í Landsrétti á árinu, í einu af þessum málum náðist dómssátt en hin málin töpuðust. Eitt mál var rekið fyrir Félagsdómi.

Hér verður greint frá tveimur dómum.

### Héraðsdómur október 2025

Í október 2025 féll í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli þar sem greint var á um vangoldin laun á uppsagnarfresti, vegna veikinda, greiðslna vegna orlofs, bónusgreiðslna auk orlofs- og desemberuppbóta. Dómurinn féllst á kröfur VR og var atvinnurekanda gert að greiða VR félaganum.

Félagsmaðurinn hóf störf hjá atvinnurekanda í ágúst 2021 en var sagt upp störfum þann 7. ágúst 2024 með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá og með 1. september. Þann 12. ágúst tilkynnti félagsmaðurinn óvinnufærni vegna veikinda til atvinnurekanda í tölvupósti og meðfylgjandi vottorð því til staðfestingar. Atvinnurekandinn taldi óvinnufærnivottorðið ófullnægjandi og hafnaði lögmæti þess. Með þessu skyldi félagsmaðurinn mæta til vinnu þann 26. ágúst og vinna út umsaminn uppsagnarfrest eða til 30. nóvember og ef hann yrði ekki við því yrði litið svo á að hann hefði rift ráðningarsambandi sínu við atvinnurekanda og með því fyrirgert rétti sínum til launa á uppsagnarfresti. Félagsmaðurinn leitaði til VR þann 29. ágúst sama ár vegna höfnunar atvinnurekandans á framlögðu læknisvottorði. VR krafðist fyrir hönd félagsmannsins vangoldinna launa og bónusgreiðslu úr hendi atvinnurekanda samkvæmt ákvæði kjarasamnings sbr. grein 8.2, að hann hafi verið búinn að ávinna sér tveggja mánaða veikindarétt eftir ár í starfi. Þar sem atvinnurekanda hafði ekki tekist að hnekkja læknisvottorðinu með því að bera það undir trúnaðarlækni, bæri honum að greiða laun og áunninn veikindarétt eftir það.

Í niðurstöðu dómsins segir engan vafa leika á lögmæti framlagðs vottorðs og þar sem atvinnurekandinn hafi ekki nýtt sér þær leiðir sem kjarasamningur VR og SA vísar til um að hægt sé að óska eftir vottorði frá trúnaðarlækni eða lækni á vegum fyrirtækisins. Af þessu verði atvinnurekandinn að bera allan halla. Að mati dómsins lá því fyrir óyggjandi sönnun um óvinnufærni félagsmannsins sem ekki hafi verið hnekkt og honum ekki gert að færa frekari sönnur á veikindi sín með framlagningu gagna úr sjúkraskrá eins og atvinnurekandi byggði á fyrir dóminum. Fallist var því á kröfur VR í málinu og atvinnurekanda gert að greiða.

### Héraðsdómur október 2025

Í Héraðsdómi Reykjavíkur var fallist á kröfur VR um laun á uppsagnarfresti ásamt orlofi og hlutfallslegum orlofs- og desemberuppbótum eftir að starfsmaður fékk fyrirvaralausa uppsögn í lok mars 2023. Uppsögnin gilti frá og með 1. apríl 2023 og ástæða uppsagnar var að starfsstöðinni hefði verið lokað. Þá hafði félagsmaðurinn þegar áunnið sér þriggja mánaða uppsagnarfrest vegna apríl, maí og júní 2023 eftir meira en ár í starfi en ekki gefinn kostur á að vinna hann.

Atvinnurekandi byggði mál sitt á því að félagsmaðurinn hefði sjálfur hætt fyrirvaralaust, og því um brotthlaup úr starfi að ræða, og með því ekki virt samningbundinn uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningi. Með þessu hafi hann fyrirgert rétti sínum til launa á uppsagnarfresti. Einnig var því haldið fram af hálfu atvinnurekanda að hann hefði sýnt vítaverða vanrækslu í starfi meðal annars með óviðeigandi háttsemi, sem réttlætti að uppsagnarákvæði kjarasamnings giltu ekki. Til vara vildi atvinnurekandinn byggja á því að í raun hafi uppsögnin tekið gildi þann 1. janúar 2023 og því uppsagnarfresturinn liðinn. Fyrir lá í málinu að félagsmaður VR spurði atvinnurekanda sinn þann 11. apríl, í formi skilaboða, hvort búið væri að loka starfsstöðinni og hvort hann gæti að minnsta kosti fengið uppsagnarbréf til að sækja um atvinnuleysisbætur. Staðfest var fyrir dómi af fyrirsvarsmanni atvinnurekanda að uppsagnarbréfið hefði verið útbúið og dagsett aftur í tímann. Var því málatilbúnaði atvinnurekanda hafnað.

Dómurinn taldi ekki sannað að stefnandi hefði hlaupið úr starfi né að hann hefði með háttsemi sinni fyrirgert rétti sínum samkvæmt kjarasamningi VR og SA. Gögn málsins, eins og samskipti aðila og framburður, studdu fremur að vinnuveitandi hefði ekki óskað eftir frekara vinnuframlagi hans og að uppsögn hefði í reynd átt sér stað. Ekki lágu fyrir fullnægjandi sannanir um þá vítaverðu vanrækslu sem stefndi hélt fram. Var því fallist á að stefnandi ætti rétt til launa á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Við útreikning kröfunnar taldi dómurinn að atvinnuleysisbætur sem stefnandi fékk á sama tímabili skyldu dragast frá launakröfu hans, í samræmi við fyrri dómaframkvæmd. Einnig komu til frádráttar innborganir sem stefndi hafði þegar greitt.

Varðandi tekjur árið 2025 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

## STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

| | 2025 | | 2024 | |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Upphæð** | **Fjöldi** | **Upphæð** |
| Sjúkradagpeningar | 1.645 | 2.976.166.197 | 1.595 | 2.659.492.365 |
| Dánarbætur | 115 | 61.935.257 | 130 | 71.821.774 |
| Styrkir vegna glasafrjóvgunar | 134 | 30.909.805 | 124 | 26.406.081 |
| Aðrir styrkir til sjóðsfélaga | 5 | 3.142.836 | 10 | 13.787.850 |
| Bætur og styrkir til félagsfólks samtals | 1.899 | 3.072.154.095 | 1.859 | 2.771.508.070 |

## SJÚKRADAGPENINGAR 2025

Greiðslur sjúkradagpeninga til VR félaga hækkuð á milli áranna 2024 og 2025 um 12% sem er talsvert umfram almenna launaþróun og fjölgun í félaginu. Einstaklingum sem fengu greidda sjúkradagpeninga frá félaginu fjölgaði um 50 á árinu eða sem nemur 2,2% á sama tíma og félagsfólki fjölgaði um 0,1%. Þessi þróun hefur verið í greiðslum sjúkradagpeninga síðustu fjögur ár hjá félaginu og hefur hlutfall greiddra sjúkradagpeninga af iðgjöldum hækkað úr 70% í 91%. Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 36% árið 2025 sem er svipað og árið 2024.

Þá fjölgaði VR félögum sem fá greidda sjúkradagpeninga á milli ára, þeir voru 1.645 árið 2025 samanborið við 1.595 árið áður.

## SKIPTING SJÚKRADAGPENINGA EFTIR SJÚKDÓMAFLOKKUM 2025




## FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2025 – 2026

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir sem gegnir formennsku, Jennifer Schröder, Tómas Gabríel Benjamin og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

**Til vara:** Þórir Hilmarsson

Við árslok 2025 voru 87 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 9 orlofshús og 1 hótelherbergi á árinu. Nýting orlofshúsanna á árinu 2025 var mjög góð og voru útleigunætur á árinu 24.600 samanborið við 25.787 árið 2024, en nýting húsanna lækkaði úr 78% í 75,2% milli ára.

## UM ORLOFSHÚSIN

Aukin eftirspurn er eftir stærri orlofseignum og keypti félagið því tvö stór orlofshús á árinu, annars vegar í Húsafelli og hins vegar í Arnarborgum við Stykkishólm. Þrjár smærri orlofseignir voru seldar á árinu, tvær á Akureyri og ein í Vestmannaeyjum. VR var með eitt nýtt hús í byggingu í Hálöndum við Akureyri í ársbyrjun sem var sett í útleigu í júní 2025.

Endurnýjun á stofnlögnum í Miðhúsaskógi hélt áfram á árinu og voru stofnlagnir í öðrum áfanga, sem liggur í gegnum miðja byggðina, endurnýjaðar í þessum áfanga. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki 2027. Einnig hófust endurnýjanir á stofnlögnum í Ölfusborgum á árinu 2025 sem gert er ráð fyrir að ljúki á árinu 2026 auk annarra smærri fjárfestinga.

## AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsfólki sínu afslátt í flug með Icelandair á árinu 2025 eins og áður hefur verið gert. Selt var 17.891 bréf á árinu samanborið við 15.616 bréf árið 2024, en sala bréfanna hefur aukist í framhaldi af gjaldþroti Play á haustmánuðum 2025.

Á árinu 2025 voru seld 58 gjafakort í pakkaferðir á vegum Úrvals Útsýnar og hefur sala á þeim dregist saman frá fyrri árum. Þá selur VR félagsfólki sínu veiði- og útilegukort og voru 369 veiðikort seld og 456 útilegukort sem er svipuð sala og verið hefur. Sumarið 2025 bauð VR félagsfólki niðurgreiðslu á ferðavögnum og nýttu alls 13 einstaklingar það á árinu samanborið við 22 á árinu 2024.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2025 – 2026

Þórir Hilmarsson gegnir formennsku, Selma Björk Grétarsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Eldar Ástþórsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

**Til vara:** Sigríður Lovísa Jónsdóttir.

## NÝTING ORLOFSHÚSA 2025

| | Fjöldi húsa | Fjöldi gistinátta 2025 | Nýting 2025 | Nýting 2024 |
|---|---|---|---|---|
| Akureyri | 19 | 5.956 | 86.9% | 82.1% |
| Miðhúsaskógur | 27 | 6.016 | 61.0% | 73.2% |
| Einarsstaðir | 3 | 774 | 70.7% | 73.7% |
| Húsafell | 7 | 1.706 | 73.2% | 77.9% |
| Flúðir | 5 | 1.624 | 89.0% | 79.6% |
| Reykjavík | 3 | 1.010 | 92.2% | 91.1% |
| Ölfusborgir | 4 | 953 | 65.3% | 83.3% |
| Fljótshlíð | 2 | 570 | 78.1% | 79.3% |
| Grímsnes | 5 | 1.578 | 86.5% | 79.1% |
| Svignaskarð | 3 | 871 | 79.5% | 78.7% |
| Hvalfjörður | 3 | 912 | 83.3% | 83.4% |
| Önnur VR hús | 6 | 1.534 | 74.1% | 69.4% |
| Leiguhús - ársleiga | 2 | 467 | 64.0% | 61.9% |
| Leiguhús (sumar) | 7 | 629 | 100.0% | 98.6% |
| | **96** | **24.600** | **75.2%** | **78.0%** |

Árið 2025 voru greiddar rúmlega 952 m.kr. í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR, sem er um 2% aukning frá fyrra ári. Umsóknum fjölgaði um 6,5 % milli ára og voru samtals 12.040 samþykktar umsóknir félagsfólks VR.

## STARFSMENNTANEFND

Starfsmenntanefnd VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Nefndin fylgir eftir samþykktri menntastefnu VR til tveggja ára í senn. Uppfærð og endurbætt menntastefna VR 2025-2027 var samþykkt í lok árs 2025. Helstu áhersluþættir menntastefnunnar snúa að aðgerðum tengdum aukinni hæfni félagsfólks, samvinnu innan skólasamfélagsins í heild sinni, markvissri upplýsingagjöf til félagsfólks varðandi leiðir til hæfniaukningar, aukinni áherslu á starfsþróunarráðgjöf og möguleikum á raunfærnimati í verslunar- og skrifstofugreinum.

Meðal annarra verkefna starfsmenntanefndarinnar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfnihjólið, aðkoma að Fagnámi verslunar og þjónustu í Verzlunarskóla Íslands og tímamóta samstarfssamningur VR/LÍV og SVÞ um aukna hæfni félagsfólks í verslun og þjónustu. Samstarfsverkefnið nefnist Ræktum vitið.

## HÆFNIGREINING STARFA OG RAUNFÆRNIMAT

Áhersla er lögð á að staðfesta hæfni einstaklinga til að styðja við starfsþróun þeirra og áframhaldandi nám. Hæfnigreining starfa skilgreinir lykilhæfni starfa og leiðir til starfaprófíla sem nýtast við uppbyggingu náms og raunfærnimats. Að loknu raunfærnimati er hægt að votta hæfni með fagbréfi sem getur nýst til launaumbóta og frekari hæfniþróunar.

Árið 2025 voru gerðar fimm hæfnigreiningar í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þau störf sem voru hæfnigreind og því unnt að framkvæma raunfærnimat gagnvart þeim störfum, eru: Sérhæfður þjónustufulltrúi, almennur bókari, fjárreiður (gjaldkeri), starf í verslun á þrepi 2 og starf í verslun á þrepi 4.

## RÆKTUM VITIÐ

Samstarfsverkefnið Ræktum vitið byggir á samstarfs-samningi VR/LÍV og SVÞ undirrituðum í mars 2023. Samningurinn felur í sér sameiginleg markmið félaganna og samstarf við að vinna markvisst að hæfniaukningu starfsfólks í verslun og þjónustu til ársins 2030. Samningurinn felur í sér þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi að fram til ársins 2030 er stefnt að því að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sæki nám með reglulegri sí- og endurmenntun með það að markmiði að auka hæfni og þekkingu starfsfólksins. Í öðru lagi verði sérstök áhersla lögð á að auka þekkingu og hæfni þess stóra hóps starfsfólks í verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem hefur íslensku sem annað tungumál. Markmið er að 80% þessa hóps búi árið 2030 yfir hæfni B1 í íslensku samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans (European Language Portfolio). Í þriðja lagi að verslunar- og þjónustugreinin þrói og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins. Samstarfshópur á vegum VR/LÍV og SVÞ hefur verið starfræktur til að framfylgja samningnum og aðgerðaráætlun verkefnisins. Tvær kannanir hafa verið lagðar fyrir frá undirritun, þar sem spurt er um aðgengi, viðhorf og þátttöku til hæfniaukningar á vinnumarkaði. Fyrsta könnunin var stöðukönnun og verða þrjár slíkar framkvæmdar til 2030. Inn á milli eru minni kannanir sem ætlaðar eru sem eftirfylgni á markmiðum verkefnisins. Niðurstöður fyrstu stöðukönnunarinnar sem framkvæmd var 2023 leiddu í ljós talsverðan mun frá fyrsta markmiði samningsins í upphafi tímabilsins. Hlutfall starfsfólks sem stundaði sí- og endurmenntun samkvæmt könnuninni 2023 var 52% og hefur hækkað miðað við niðurstöður eftirfylgnikönnunar 2025 sem sýndi fram á 66% hlutfall svarenda sem sagðist hafa stundað einhverjar sí- eða endurmenntun á síðustu 12 mánuðum. 56% svarenda með íslensku sem annað mál meta hæfni sína í íslensku sem B1 eða meira á móti 40% svarenda árið 2023.

Niðurstöðurnar benda á mögulegar leiðir til árangurs. Hæst ber að nefna mikilvægi þess að fyrirtæki setji sér stefnu um sí- og endurmenntunarmál starfsfólks. Einnig mikilvægi þess að allt starfsfólk sé hvatt til þátttöku, ekki eingöngu valdir hópar innan fyrirtækja. Þessi tvö höfuðmarkmið hafa svo enn meiri áhrif á þátttöku fólks til frekara íslenskunáms og sýndu niðurstöður að mikill meirihluti starfsfólks og stjórnenda telja það mikilvægt að tileinka sér íslensku í starfi.

**FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÉKK FRÆÐSLUSTYRK**



Í febrúar 2025 opnaði sameiginleg vefsíða verkefnisins www.raektumvitid.is sem veitir upplýsingar um leiðir og möguleika starfsfólks að frekari hæfniaukningu og styður við fyrirtæki í slíkri vegferð.

Samstarfshópurinn mun áfram kynna félagsfólki og stjórnendum sameiginlega mikilvægustu hæfniþætti komandi ára samkvæmt niðurstöðum World Economic Forum, Future of Jobs Report 2025 á miðlum félaganna. Hópurinn vinnur jafnframt markvisst að því að upplýsa félaga um aðgengi og fjölbreyttar leiðir við að ná tökum á íslenskri tungu t.d. með tenglum á vefsíðunni Ræktum vitið.

Starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk VR í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Mímis er áfram eitt af áhersluverkefnum starfsmenntanefndar VR starfsárið 2025. Þetta er fimmta árið sem VR býður félagsfólki sínu upp á slíka þjónustu og nýttu alls 88 einstaklingar sér þessa rafrænu þjónustu sér að kostnaðarlausu, eða helmingi fleiri en árið 2024. 72% einstaklinga sem nýttu sér þjónustuna í ár eru með erlent ríkisfang. Náms- og starfsráðgjafar í starfsþróunarráðgjöfinni leggja áherslu á að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar og aðstoða við uppfærslu á ferilskrám.

Stafræna hæfnihjólið er öllum landsmönnum aðgengilegt á vef VR þar sem fólk getur tekið sjálfsmatspróf og kortlagt þar með eigin stafræna hæfni og rýnt í þá þætti sem lagt er til að leggja áherslu á miðað við niðurstöður sjálfsmatsprófsins. Prófið hefur verið aðgengilegt á íslensku síðan árið 2019 og hægt er að taka það á 10 tungumálum í dag. Árið 2025 var Stafræna hæfnihjólið uppfært og eru undirþættir stafrænnar hæfni nú orðnir fimm í stað fjögurra áður. Mörg þúsund landsmanna hafa tekið þetta sjálfsmatspróf undanfarin ár sér að kostnaðarlausu og á árinu 2025 bættust um 350 manns við hópinn.

## FAGNÁM VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Fagnám verslunar og þjónustu hófst árið 2020 í samstarfi VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram úti í fyrirtækjunum. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykkja til þátttöku í námið. 63 nemendur voru skráðir í námið í lok árs 2025. Þar af voru 49 virkir. 25 nemendur hafa útskrifast úr fagnámi verslunar og þjónustu og 6 hafa þar að auki lokið stúdentsprófi.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi þar sem einingar eru tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 30 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 18 nemendur virkir í náminu í dag. Háskólinn á Bifröst býður einnig upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verslunarstjórnun og þar eru 27 nemendur skráðir virkir í náminu í dag.

## STARFSGREINARÁÐ

VR á fulltrúa í tveimur starfsgreinaráðum. Annars vegar fulltrúa í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina og hins vegar í Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögur um almenn markmið náms tengt starfsgreinum ráðsins, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms.

## LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFS-MENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIF-STOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2025 voru um 1.212 m.kr. og gjöld 1.265 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 1.022 m.kr. í lok árs 2025. Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2025 voru 43.67 m. kr. og gjöld 39.90 m. kr. Eigið fé sjóðsins var 243.12 m.kr króna í lok árs 2025.

## STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2025

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks: Eiður Stefánsson (LÍV), Maj-Britt Hjördís Briem (SA), Ragna Vala Kjartansdóttir (SA) stjórnarformaður (til maí 2025), Ólafur Reimar Gunnarsson (VR) stjórnarformaður (frá maí 2025), Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (VR), Björg Ársælsdóttir (SA). Varamenn: Kolbrún Júlía Erlendsdóttir (LÍV), Jónas Yngvi Ásgrímsson (VR), Heiðrún Björk Gísladóttir (SA) og Hugrún Elvarsdóttir (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar;

Steinunn Böðvarsdóttir (VR) stjórnarformaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Nú starfa 8 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsfólk sem veikist eða slasast þannig að vinnugeta þess skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

## HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2025 var 481 einstaklingur nýskráður hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 389 voru útskrifaðir.

## FRAMFÆRSLUSTAÐA FÉLAGSFÓLKS VR Í LOK ÞJÓNUSTU VIRK 2025




## FJÖLDI VR FÉLAGA Í ÞJÓNUSTU HJÁ VIRK*




*Fjöldatölur útskrifaðra þjónustuþega hafa breyst frá fyrri útgáfum þar sem fjöldi útskrifaðra var áður vanmetinn.

## ÁSKORUN TIL ALÞINGIS UM AÐ AFNEMA SAMKEPPNISUNDANÞÁGU AFURÐASTÖÐVA

Stjórn VR, SVÞ, Neytendasamtökin og Félag atvinnurekenda skoruðu þann 27. maí á Alþingi að fella úr gildi samkeppnisundanþágur afurðastöðva í kjötiðnaði. Þau vöruðu við að óbreytt löggjöf grafi undan samkeppni, leiði til hærra vöruverðs og skaði hagsmuni neytenda, launafólks og bænda og voru þingmenn hvattir til að samþykkja frumvarp atvinnuvegaráðherra í þágu almannahagsmuna.

## STJÓRN VR ÁLYKTAR GEGN LAUNAHÆKKUNUM ÆÐSTU RÁÐAMANNA

Þann 13. júní 2025 sendi stjórn VR frá sér ályktun þar hún mótmælti hækkunum á launum æðstu ráðamanna ríkisins sem eru umfram launahækkanir almennt. Stjórn VR benti á að á sama tíma og launafólk er krafið um hófsemd í kjarasamningum hækki laun ráðamanna um mun hærri krónutölur. Stjórn VR kallaði eftir því að laun ráðamanna verði bundin með lögum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, bæði nú og til framtíðar.

## YFIRLÝSING STJÓRNAR VR VEGNA ATLÖGU VIÐSKIPTARÁÐS AÐ ÍBÚÐAFÉLÖGUNUM BJARGI OG BLÆ

Stjórn VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 16. júní þar sem hún gagnrýndi atlögu Viðskiptaráðs að leigufélögunum Bjargi og Blæ, sem hafa það hlutverk að tryggja launafólki öruggt húsnæði á sanngjörnum kjörum. Stjórn VR kallaði eftir ábyrgð fyrirtækja innan Viðskiptaráðs og skýrum svörum um hvort atlaga að húsnæðisöryggi launafólks hafi verið í þeirra nafni.

## ÁLYKTUN STJÓRNAR VR GEGN SKERÐINGU ATVINNULEYSISTRYGGINGA

Þann 10. september sendi stjórn VR frá sér ályktun varðandi áform stjórnvalda um að skerða tímabil atvinnuleysistrygginga um ár og lengja ávinnslutímabil réttinda, án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Stjórn VR varaði jafnframt við skerðingum á stuðningi við launafólk, meðal annars í húsnæðis- og velferðarmálum, og gagnrýndi aukna kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu.

## YFIRLÝSING VR UM BREYTINGARTILLÖGUR Í LEIKSKÓLAMÁLUM

Stjórn VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 8. október þar sem hún hafnaði tillögum Reykjavíkurborgar um breytingar á leikskólakerfinu og sagði þær leggja auknar fjárhagslegar byrðar á foreldra í stað þess að leysa undirliggjandi vanda. Stjórn VR áréttaði að leikskólamál séu kjaramál og aðgengi að leikskólum sé forsenda atvinnuþátttöku foreldra. Í yfirlýsingunni kom fram að stjórn VR gagnrýndi skort á gagnsæi um forsendur tillagnanna og hvatti sveitarfélög til að ráðast að rót vandans með heildstæðum og vel undirbyggðum úrbótum.

## FUNDIR STARFSÁRIÐ 2025 – 2026

Stjórn VR fundaði fjórtán sinnum á starfsárinu.

**Trúnaðarráð VR** fundaði fjórum sinnum á starfsárinu. Haldinn var einn fundur fyrir erlenda fulltrúa í trúnaðarráði á árinu.

Haldinn var einn **félagsfundur** á starfsárinu, þann 6. október 2025. Á fundinum fór fram kosning fulltrúa á 34. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.

**Aðalfundur** var haldinn þann 26. mars 2025, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert. Lýst var kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs. Tillaga stjórnar um sameiningu við Leiðsögn-félag leiðsögumanna var samþykkt á fundinum.

**Ársfundur deildar VR á Austurlandi** fyrir árið 2025 var haldinn 19. maí það ár. Formaður deildarinnar er Kristín María Björnsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Ellen Rós Baldvinsdóttor og Magda Kinga Król- Wróblewska. Varamenn stjórnar eru Hrönn Helgadóttir og Erla Bryndís Ingadóttir.

**Ársfundur Suðurlandsdeildar VR** fyrir árið 2025 var haldinn 22. maí það ár. Formaður deildarinnar er Kolbrún Júlía Erlendsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson, Þór Emilsson, Ragna Steina Snæfells Lárudóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn stjórnar eru Haraldur Pálsson, Baldvin Nielsen og Drífa Kristjánsdóttir.

**34. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna** var haldið á Grand Hótel Reykjavík 30. - 31. október 2025. Eiður Stefánsson var kosinn formaður LÍV fyrir kjörtímabilið 2025-2027 og ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru eftirfarandi kosin til tveggja ára; Birgitta Ragnarsdóttir, VR, Halla Gunnarsdóttir, VR, Hjörtur Geirmundsson, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR, Ólafur Reimar Gunnarsson, VR og Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR. Í varastjórn voru kosin Ellen Rós Baldvinsdóttir, VR, Aðalsteinn J Halldórsson, Framsýn, Hulda Björnsdóttir, FVSA, Andrea Rut Pálsdóttir, VR, Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir, AFL, Malini Elavazhagan, VR og Þórir Hilmarsson, VR. Helstu málefni sem voru til umræðu á þinginu voru niðurskurðarstefna og gervigreind. Þá var einnig ályktað um leikskólamál og öryggismál verslunarfólks.

## NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í **uppstillingarnefnd 2026 – 2028** sitja Halla Gunnarsdóttir, Phoenix Jessica Ramos, Arnar Þorvarðsson, Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson og Nadia Tamimi. Varamenn eru Paula A. Rodriguez Sanchez, Björg Gilsdóttir, Stefán Viðar Egilsson og Svanur Þór Valdimarsson. Hlutverk nefndarinnar er að velja frambjóðendur á framboðslista félagsins til

trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér til setu.

Í **launanefnd** VR sitja Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í **húsnæðisnefnd** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem gegnir formennsku, Selma Björk Grétarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Tómas Gabríel Benjamin. Varamaður er Jennifer Schröder. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsfólks.

Í **laganefnd** VR sitja Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Bjarni Sigurðsson. Til vara er Andrea Rut Pálsdóttir. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í **framtíðarnefnd** VR sitja Birgitta Ragnarsdóttir sem gegnir formennsku, Tómas Gabríel Benjamin, Karl F. Hilmarsson Thorarensen, Bjarni Þór Sigurðsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Til vara eru Styrmir Jökull Einarsson og Eldar Ástþórsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Í **starfsmenntanefnd** VR sitja Jónas Yngvi Ásgrímsson sem gegnir formennsku, Ólafur Reimar Gunnarsson, Karl F. Hilmarsson Thorarensen og Birgitta Ragnarsdóttir. Til vara eru Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Eldar Ástþórsson. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks.

Í **jafnréttis- og mannréttindanefnd** VR sitja Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir sem gegnir formennsku, Tómas Gabríel Benjamin, Jennifer Schröder og Styrmir Jökull Einarsson. Til vara eru Birgitta Ragnarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsfólks, án allrar aðgreiningar.

Í **kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild** VR sitja Tómas Gabríel Benjamin sem gegnir formennsku, Halla Gunnarsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Lovísa Jónsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Varamenn eru Birgitta Ragnarsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í **styrkjanefnd** VR sitja Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Selma Björk Grétarsdóttir, Þórir Hilmarsson, Styrmir Jökull Einarsson og Eldar Ástþórsson. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsfólk, bætir stöðu þess og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Í **umhverfisnefnd** VR sitja Karl F. Hilmarsson Thorarensen, Eldar Ástþórsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Andrea Rut Pálsdóttir og Birgitta Ragnarsdóttir. Til vara er Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR.

Í **framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs** VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Andrea Rut Pálsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Til vara er Karl F. Hilmarsson Thorarensen. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsfólki VR, sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanna, fjárhagsaðstoð.

Í **öldungaráði** VR sitja Ólafur Reimar Gunnarsson sem gegnir formennsku, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Erla Halldórsdóttir og Hafdís Erla Kristinsdóttir. Til vara eru Halldór Þór Wium Kristinsson og Inga Þyrí Kjartansdóttir. Öldungaráð er umræðu- og samráðsvettvangur eldri félaga í VR. Þrjú eru tilnefnd í ráðið af stjórn VR, þar með talið formaður félagsins, og þrjú til viðbótar eru kosin af Öldungadeild félagsins auk tveggja til vara. Kjörtímabil fulltrúa í ráðinu er til tveggja ára í senn. Í Öldungadeildinni eru allir fullgildir félagar 65 ára og eldri.

Í **uppstillingarnefnd VR um val á stjórnarmönnum félagsins í Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja Halla Gunnarsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Karl F. Hilmarsson Thorarensen. Til vara er Jennifer Schröder. Stjórn félagsins skipar í uppstillingarnefndina. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasömum til stjórnarsetu í lífeyrissjóðnum fyrir hönd VR og starfa með fagfólki um valið.

Í **ungliðaráði** VR sitja Andrea Rut Pálsdóttir, Lára Portal, Mateusz Gabríel Kowalczyk Róbertsson, Sarah Mohammedi, Tómas Guðni Sigurðarson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Ungliðaráði er ætlað að vera umræðu- og samráðsvettvangur ungs fólks í félaginu. Ungliðaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 16-35 ára.

Í **fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja allir fimmtán í aðalstjórn félagsins auk tíu annarra sem kosin eru af trúnaðarráði. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a.

að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Kosið var í fulltrúaráð á fundi trúnaðarráðs félagsins á fundi þann 5. maí 2025. Kynjaskipting skal vera jöfn í fulltrúaráðinu og voru fimm karlar og fimm konur kjörin í ráðið. Þau eru: Ásthildur Hannesdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Björg Gilsdóttir, Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir, Pálmey Helga Gísladóttir, Benedikt Ragnarsson, Björgvin Björgvinsson, Elmar Guðlaugsson, Gunnar Steinn Þórsson og Kristján Gísli Stefánsson.

Í **kjörstjórn** VR sitja Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands sem gegnir formennsku, Þóra Skúladóttir og Þorsteinn Þórólfsson. Til vara eru Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

## ERLEND SAMSKIPTI

Árleg ráðstefna stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda 2025 var haldin í Osló á starfsárinu, sjá nánari umfjöllun í kafla um útgáfu- og kynningarmál, síðar í þessari skýrslu.








## KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 4. febrúar 2026 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2026 – 2027. Á aðalfundi VR 2024 var samþykkt að lengja kjörtímabil aðalmanna í stjórn úr tveimur árum í fjögur og varamanna úr einu ári í tvö. Þessi breyting kemur að fullu til framkvæmda í kosningum árið 2027. Því var einungis kosið til eins árs í kosningum árið 2026, til aðalstjórnar eingöngu. Auglýst var eftir einstaklingsframboði til sjö sæta í aðalstjórn VR til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 11. febrúar 2026.

Alls bárust tíu einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 5. mars til kl. 12:00 að hádegi þann 12. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæði greiddu 2.739 en á kjörskrá voru 40.785 VR félagar. Kosningaþátttaka var því 6,7%.

Til stjórnar VR fengu eftirtalin kosningu til eins árs skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Júlíana Einarsdóttir (1.118 atkvæði eða 11,91%)
Jónas Yngvi Ásgrímsson (873 atkvæði eða 9,3%)
Sigríður Lovísa Jónsdóttir (1.081 atkvæði eða 11,52%)
Tómas Gabríel Benjamín (866 atkvæði eða 9,23%)
Birgitta Ragnarsdóttir (1.075 atkvæði eða 11,45%)
Bjarni Þór Sigurðsson (835 atkvæði eða 8,9%)
Paula A. Sánchez (980 atkvæði eða 10,44%)

Ekkert mótframboð barst gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins

## STARFSEMI ÞJÓNUSTUSVIÐS

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð VR og orlofshús. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2025 var 4.977 sem er lítilleg fjölgun frá 2024.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu 2025 var 28.114 sem er rúmlega 14% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var 32.791. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum í takt við aukna notkun á vefsvæði VR. Alls bárust 7.685 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2025 að frátöldum tölvupóstum sem bárust beint til kjaramálasviðs. Fjöldi félaga sem skráði sinn inn á Mínar síður var 46.777 sem er 6% fækkun frá 2025. Vefspjall VR var vel nýtt á árinu en afgreiðslum fjölgaði um 35% frá árinu á undan, en 5.833 félagar nýttu sér það. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

## VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félögum í VR meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirleitt er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem allajafna er haldinn í mars. Framlag í sjóðinn var samþykkt á aðalfundi í mars 2025, 1.050 m.kr. vegna ársins 2024, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði en síðustu ár hefur Félagssjóður lagt einnig til fjármagns vegna versnandi stöðu hjá Sjúkrasjóði.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2025 námu alls 924 m.kr. og fengu 19.095 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 407 m.kr. eða sem nemur 44% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2024 námu greiðslur úr sjóðnum 893 m.kr. til 18.708 einstaklinga.

### Kosið um fyrirkomulag styrkja

Kosningar meðal félagsfólks VR um framtíðarskipan styrkveitinga frá félaginu voru haldnar haustið 2025. VR félagar hafa sótt um styrki í gegnum VR varasjóð í tæp tuttugu ár en reglulega kemur upp umræða innan félagsins um hvernig skuli hátta styrkveitingum. Stjórn VR ákvað því að efna til atkvæðagreiðslu um framtíðarfyrirkomulag styrkveitinga VR. Kosið var á milli tveggja valkosta; VR varasjóðs annars vegar og styrkjakerfis eins og tíðkast hjá mörgum stéttarfélögum hins vegar. Niðurstaðan var afgerandi, 63,7% þeirra sem greiddu atkvæði kusu VR varasjóð. Alls greiddi 7.241 atkvæði en kjörsókn var 16,16%.

## STARFSEMI UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS

Á upplýsingatæknisviði starfa sérfræðingar í hugbúnaðarþróun og rekstri tölvu- og upplýsingakerfa. Sviðið sér um rekstur og þróun upplýsingakerfa félagsins í samstarfi við birgja og samstarfsaðila þar sem lögð er áhersla á stöðuga þróun til að auka enn við þjónustu við félagsfólk og bæta skilvirkni.

Á starfsárinu var ráðist í umfangsmiklar breytingar á upplýsingatækniumhverfi VR. Rekstrarumhverfi kerfa var endurnýjað og flutt úr vélarsal í Kringlunni 7 yfir í hýst umhverfi í gagnaveri með það að markmiði að auka

## FÉLAGATAL

| Ár | Konur | Karlar | Kynsegin* | Samtals | Fullgild við áramót | Snertingar við félagið** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 17.353 | 13.020 | - | 30.373 | 26.045 | 40.090 |
| 2015 | 17.672 | 13.430 | - | 31.102 | 26.573 | 41.368 |
| 2016 | 18.481 | 14.332 | - | 32.813 | 27.893 | 43.641 |
| 2017 | 19.250 | 15.981 | - | 35.231 | 29.977 | 46.866 |
| 2018 | 19.952 | 16.075 | - | 36.029 | 30.867 | 47.506 |
| 2019 | 20.700 | 16.675 | - | 37.375 | 32.320 | 48.326 |
| 2020 | 19.877 | 16.625 | - | 36.502 | 31.941 | 45.894 |
| 2021 | 19.866 | 17.015 | - | 36.880 | 31.666 | 47.233 |
| 2022 | 20.721 | 18.083 | 79 | 38.883 | 33.100 | 50.315 |
| 2023 | 21.521 | 18.983 | 109 | 40.612 | 34.562 | 51.904 |
| 2024 | 21.735 | 19.505 | 115 | 41.355 | 35.333 | 51.934 |
| 2025 | 21.815 | 19.462 | 123 | 41.400 | 37.188 | 52.913 |

*Frá og með árinu 2022 heldur VR utan um fjölda kynsegin félagsfólks.

**Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

rekstraröryggi, sveigjanleika og þjónustugæði. Samhliða því var nýtt auðkenningarferli fyrir Mínar síður innleitt. Einnig var ráðist í uppfærslu á fjárhags- og rekstrarkerfi félagsins, til að styðja við áframhaldandi þróun og bæta stafræna þjónustu.

Á árinu sameinaðist stéttarfélagið Leiðsögn VR og fól það í sér samþættingu kerfa og gagna félaganna. Einnig var ráðist í uppfærslu á fjárhags- og rekstrarkerfi félagsins, til að styðja við áframhaldandi þróun og bæta stafræna þjónustu.

## FÉLAGSMÁL

### Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 26. mars 2025 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

### Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi VR þann 26. mars 2025 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr 80.742 kr. á mánuði í 81.612. á mánuði. Þessi niðurstaða byggðist á breytingartillögu sem kom fram á fundinum þess efnis að stjórnarlaun hækki ekki umfram það sem samið erum í kjarasamningum, 3,25%. Þá var samþykkt að varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Í tillögunni var jafnframt lagt til að þau sem gegna formennsku í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og Orlofsstjórn sem og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun, eins og verið hefur. Jafnframt var lagt til að stjórnarmenn og varastjórnarmenn fái 6.849 kr. fyrir hvern setinn fund í nefndum VR.

### Laun skoðunarmanna

Á aðalfundi 26. mars 2025 var samþykkt tillaga um að greiða félagslega kjörnum skoðunarmönnum kr. 81.612 kr. á ári sem svarar til launum stjórnarmanns í einn mánuði.

## DEILD LEIÐSÖGUFÓLKS Í VR

Sumarið 2024 skrifuðu VR og Leiðsögn – félag leiðsögufólks undir samning um sameiningu félaganna sem tæki gildi að fullu vorið 2025, að fengnu samþykki aðalfunda félaganna. VR annaðist rekstur Leiðsagnar frá þeim tíma og sinnti erindum leiðsögufólks, s.s. vegna umsókna í sjóði og ráðgjöf og umsýslu kjaramála. Ári síðar var haldin allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félaga í Leiðsögn þar sem 95% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu sameiningu félaganna. Atkvæðagreiðsla á aðalfundi VR staðfesti niðurstöðuna með 62% greiddra atkvæða. Sameiningin tók gildi vorið 2025 og deild leiðsögufólks í VR tók til starfa innan sameinaðs félags.

Stjórn deildarinnar er skipuð sjö aðalmönnum, þar af tveimur sem tilnefndir eru af Félagi fjallaleiðsögumanna og Félagi ökuleiðsögumanna. Aðalmenn deildarinnar eru nú Halldór Kolbeins, Þór Bínó Friðriksson, Jens Ruminy, Pétur Gauti Valgeirsson, Örvar Már Kristinsson, Jón Páll Baldvinsson og Soffía Sóley Helgadóttir. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði og eru fundargerðir stjórnarfunda birtar

á síðu deildarinnar á vr.is. Málefni deildarinnar hafa verið ýmis á fyrsta vetri hennar, s.s. um menntamál leiðsögufólks, aðstæður leiðsögufólks úti á vettvangi, samstarf við Samtök leiðsögufólks í Evrópu (FEG) og mótun deildarinnar innan VR.

Fyrir sameiningu félaganna hafði Leiðsögn bent ASÍ á að starfsumhverfi leiðsögufólks væri ófullnægjandi svo sem vegna undirboða og gerviverktöku. Var því sumarið 2025 farið í sameiginlegt eftirlitsátak þar sem vinnustaðaeftirlit ASÍ og VR, lögreglan, Skatturinn og Vinnueftirlitið sóttu vinsæla ferðaþjónustustaði með það að markmiði að öðlast yfirsýn yfir stöðu starfsfólks í leiðsögn og fólksflutningi. Niðurstöður átaksins sýndu meðal annars að mikið er um verktöku í greininni og að endurgjald er í mörgum tilfellum töluvert lægra en það væri samkvæmt lágmarkslaunum í kjarasamningum.

Að hausti 2025 var samræmismatsstofan BSI á Íslandi fengin til að meta hvort nám þeirra fræðsluaðila sem kenna leiðsögn á Íslandi sé í samræmi við staðalinn ÍST EN 15565:2008 um þjálfun og menntun leiðsögufólks. Staðallinn er hafður að leiðarljósi í kjarasamningi leiðsögufólks en samkvæmt honum getur leiðsögufólk sem hefur menntun samkvæmt staðlinum krafist launa samkvæmt launaflokki 4 í kjarasamningi leiðsögufólks. Niðurstaða matsins sýndi að nám allra fjögurra skólanna, Endurmenntunar Háskóla Íslands, Ferðamálaskóla Íslands, Leiðsöguskólans í Menntaskólanum í Kópavogi og Símenntunar Háskóla Akureyrar, uppfyllti kröfur staðalsins. Fulltrúum skólanna var boðið í athöfn í Húsi verslunarinnar þar sem BSI á Íslandi afhenti viðurkenningarskjal þar að lútandi ásamt því að rætt var um nám í leiðsögn.

Unnið hefur verið að því að koma á raunfærnimati fyrir leiðsögunám. Námsskrá Leiðsöguskólans í MK var staðfest af mennta- og barnamálaráðuneytinu sumarið 2025 og er því nú hægt að meta reynslu til móts við námsskrána. Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS) hefur samþykkt að taka þátt í kostnaði er þarf við undirbúning matsins. Undirbúningur er vel á veg kominn og vonir standa til um að leiðsögufólk geti fljótlega metið reynslu sína til móts við nám.

## VR BLÆR

Á starfsárinu hélt VR áfram að vinna að uppbyggingu VR Blævar, nýs íbúðarfélags sem er systurfélag Bjargs. Opnað var fyrir umsóknir á biðlista félagsins en yfir 600 VR félagar skráðu sig á hann. Framkvæmdum á tveimur fjölbýlishúsum VR Blævar í Úlfarsárdal lauk í byrjun árs 2025, alls 36 íbúðir. VR seldi Félagsbústöðum tvær íbúðir en 34 íbúðir voru settar í langtímaleigu til VR félaga sem höfðu skráð sig á biðlistann og uppfylltu skilyrði úthlutunarreglna Blævar.

Heildarkostnaður verkefnisins var um 1.950 m.kr., þar af var 30% hlutafé frá VR og 70% lánsfé. Eftir sölu tveggja íbúða til Félagsbústaða var því ljóst að VR Blær þyrfti að fá lán upp á 1.250 m.kr. Ákveðið var í samráði við trúnaðarráð að VR myndi lána VR Blæ þetta fjármagn til þriggja ára. Þannig væri hægt að ljúka framkvæmdum og fá reynslu á verkefnið áður en langtímafjármögnun yrði sótt til lánastofnunar. Með þessu var vonast til þess að hægt væri að fá hagstæðari lánakjör, sérstaklega í ljósi þess að stýrivextir gætu lækkað á næstu árum. Á móti fær VR góða ávöxtun á sinni fjárfestingu.

### Mannfagnaðir

Um 600 eldri VR félagar nutu kaffiveitinga í Hörpu vorið 2025 en hefð hefur skapast fyrir því að VR bjóði eldra félagsfólki sínu til kaffisamsætis að vori. VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík 1. maí 2025. Alls þáðu um eitt þúsund gestir veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. Í tilefni af 1. maí skipulagði VR jafnframt fjölskylduskemmtun á Klambratúni í Reykjavík en það hefur félagið gert árlega frá árinu 2015. Fjölmenni sótti skemmtunina en frá Klambratúni var gengið að Skólavörðuholti með Lúðrasveit verkalýðsins í broddi fylkingar þaðan sem kröfugangan lagði af stað. Þá tók VR einnig þátt í hátíðarhöldum á félagssvæði sínu utan höfuðborgarsvæðisins.

VR bauð félagsfólki á Ævintýri í Jólaskógi í desember 2025 en tæplega 1.500 sóttu viðburðinn, VR félagar og fjölskyldur þeirra.

### Erlent félagsfólk á vinnumarkaði

Um 18% VR félaga er með erlent ríkisfang og hefur fjöldi þeirra í félaginu margfaldast á síðustu árum, árið 2005 var þetta hlutfall 1%. VR birti á starfsárinu auglýsingar og ítarlega umfjöllun þar sem fjallað var um stöðu erlends starfsfólks á vinnumarkaði og mikilvægi fjölbreytni í íslensku samfélagi. VR leggur áherslu á að efla erlent félagsfólk með það að markmiði að auka þekkingu þess á réttindum á vinnumarkaði, fækka brotum gegn því og styrkja stöðu þess. Það gerði félagið með auknum sýnileika á starfsárinu, öflugum vef á ensku, bættri upplýsingagjöf, námskeiðum og fræðslu, vinnustaðaeftirliti og kröftugri þjónustu sérfræðinga félagsins svo eitthvað sé nefnt.

### Styrkveitingar 2025

VR veitti styrki að upphæð 20,1 m. kr. árið 2025 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 9,7 m. kr. jólin 2025.

## RANNSÓKNIR OG KANNANIR

### Fyrirtæki ársins 2025

Fyrirtæki ársins 2025, samkvæmt niðurstöðum árlegrar

könnunar VR, voru alls sextán, fjögur fyrirtæki voru valin í hópi stórra fyrirtækja í stað þriggja þar sem ekki var hægt að gera upp á milli fyrirtækja í þriðja og fjórða sæti. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja með 70 eða fleiri starfandi voru Apró, Netapp, Límtré Vírnet og Sjóvá. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin Hringdu, Orkan og Reykjafell. Í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsfólk er færra en 30 eru vinningsfyrirtækin Arango, Mjúk Iceland og Hótel Vellir. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2025 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru tæplega 37 þúsund einstaklingar, bæði félagsfólk VR og starfsfólk á almennum vinnumarkaði utan félagsins, og var svarhlutfall um 37%.

### Aðrar kannanir

Á starfsárinu framkvæmdi VR þrjár reglubundnar kannanir meðal félagsfólks þar sem spurt var um viðhorf til starfsemi og þjónustu VR. Meðal annarra kannanna sem VR framkvæmdi á árinu var könnun sem lögð var fyrir VR félaga sem eru 60 ára og eldri í samstarfi við Öldungaráð VR, könnun sem lögð var fyrir barnafólk um þjónustu sveitarfélaga og könnun um lestur á VR blaðinu.

## ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út tvisvar á starfsárinu. Upplagið var að meðaltali tæplega 14 þúsund eintök. VR blaðið haustið 2025 var helgað Kvennaári 2025 og kosningum um fyrirkomulag styrkja hjá félaginu en aðaláhersla fyrsta tölublaðs ársins 2026 var kosningar til stjórnar og trúnaðarráðs.

Notendur vefsíðu félagsins, vr.is, voru að meðaltali tæplega 32 þúsund á mánuði árið 2025 samkvæmt Google analytics vefmælingarkerfisins, sem eru nokkur fækkun frá fyrra ári. Það má að líkindum rekja, að hluta til, til aukinnar notkunar á gervigreind. Fjöldi heimsókna á Mínar síður voru alls 46.777 á árinu 2025 sem er svipað og á árinu áður.

### Kvennaár 2025

Árið 2025 var Kvennaár, helgað baráttunni fyrir jöfnum kjörum kynjanna en þann 25. október það ár voru 50 ár frá því íslenskar konur boðuðu fyrst til kvennaverkfalls. VR lagði sitt af mörkum til að minnast þessara tímamóta, tók virkan þátt í viðburðum tengdum Kvennafrídeginum, var með viðburði og fræðslu tengdri jafnrétti og bauð konum sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið í móttöku til að efla samstöðu og kvennakraft til framtíðar. Annað tölublað VR blaðsins 2025 var helgað Kvennaári og á starfsárinu voru birt fjögur hlaðvörp þar sem formaður VR, Halla Gunnarsdóttir, ræddi við konur um jafnrétti og stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

### Ráðstefnur og fundir

VR bauð foreldrum ungra barna til fundar um samspil leikskóla og atvinnu í október 2025. Mörg sveitarfélög eru að innleiða, eða undirbúa, umfangsmiklar breytingar á leikskólastiginu sem að mati félagsins eru illa ígrundaðar og munu hafa óæskileg áhrif á hagsmuni foreldra á vinnumarkaði.

Í nóvember 2025 hélt VR málstofu um lífeyrismál kvenna undir fyrirsögninni Launamunurinn eltir – ævina á enda. Málstofan var haldin í tilefni af Kvennaári 2025. Á málstofunni kom fram að tekjur kvenna 67 ára og eldri eru að meðaltali 80% af tekjum karla á sama aldri og er munurinn mestur meðal fólks með hæstu tekjurnar. Kynbundinn launamunur á vinnumarkaði eltir þannig konur, ævina á enda.

Þá stóðu VR og Samtök iðnaðarins sameiginlega fyrir fjölmennum fundi um úrbætur í húsnæðismálum í byrjun febrúar 2026. Húsnæðismál eru eitt stærsta kjaramál launafólks í dag og á fundinum kom fram ákall til stjórnvalda um skýra sýn í húsnæðismálum og að þau taki að sér viðameira hlutverk þegar kemur að málaflokknum.

Þá fjallaði formaður VR, Halla Gunnarsdóttir, um mikilvægi góðrar stjórnunar og um traust og virðingu á vinnustað á ráðstefnu um veikindi og veikindarétt sem Félag atvinnurekenda hélt í febrúar 2026.

### VR hlaðvarpið

Á starfsárinu hóf VR birtingu á VR hlaðvarpinu, fyrst í tengslum við Kvennaár 2025 en í upphafi árs 2026 var áherslan lögð á efnahagsmál. Árið 2025 var rætt við konur í ólíkum starfsgreinum auk þess sem rætt var við konur sem gegnt hafa trúnaðarstörfum fyrir félagið í áranna rás. Markmið með hlaðvarpinu var að veita innsýn í reynslu kvenna á vinnumarkaði, auka sýnileika þeirra og efla enn frekar umræðuna um réttindi og frelsi þeirra.

Í upphafi árs 2026 hófust birtingar á hlaðvarpinu - H fyrir hagfræði - þar sem fjallað er um efnahagsmál út frá sjónarhóli launafólks. Halla Gunnarsdóttir, formaður VR og Ásgeir Brynjar Torfason, ritstjóri Vísbendingar og hagfræðingur, kryfja hugmyndir á sviði hagfræðinnar og ræða við góða gesti sem hafa sérþekkingu á sviði efnahagsmála. Markmiðið er að efla umræðu um efnahagsmál – á mannamáli.

## FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR stóð fyrir námskeiðum fyrir félagsfólk sem er að huga að starfslokum haustið 2025, eins og verið hefur undanfarin ár. Sérstakt námskeið um starfslok og fjármál var haldið fyrir félagsfólk með erlent ríkisfang. Starfslokanámskeið VR eru almennt mjög vel sótt og sóttu um 120 félagar námskeiðið að þessu sinni. Þá var haldið námskeið um jafnrétti og mismunum á vinnumarkaði í tilefni af Kvennaári 2025. Skattframtalsaðstoð er einnig í boði fyrir félagsfólk árlega en vorið 2026 fengu um 50 VR félagar slíka aðstoð. Á Mínum

síðum á vr.is voru í boði þrír rafrænir fyrirlestrar á starfsárinu og horfðu tæplega eitt þúsund félagar á þá á starfsárinu. Námskeið fyrir trúnaðarmenn eru fastur liður í námskeiðshaldi VR. Námskeiðið Allt um VR, sem er heilsdagsnámskeið fyrir trúnaðarmenn, var í boði tvisvar sinnum á starfsárinu, að hausti 2025 og aftur að vori 2026, en auk þess var í boði önnur fræðsla og sérstakar móttökur fyrir nýja trúnaðarmenn. Yfir 100 trúnaðarmenn sóttu fræðslu eða móttöku á vegum VR á starfsárinu.

### Kynningar fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla

Haustið 1996 fór VR í fyrsta skipti með kynningu á réttindum og skyldum til 10. bekkinga grunnskóla á félagssvæði VR. Snemma á þessari öld var svo ákveðið að bjóða efstu bekkjum framhaldsskóla sambærilega kynningu. Í ár eru því liðin 30 ár frá því VR fór fyrst með kynningu fyrir nemendur um réttindi þeirra á vinnumarkaði. Farið er í nánast alla grunnskóla á félagssvæðinu og fjölda framhaldsskóla, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Á starfsárinu 2025 – 2026 voru haldnar um 56 kynningar í um 40 grunn- og framhaldsskólum á félagssvæði VR fyrir hátt í þrjú þúsund nemendur.

### VR Skóli lífsins

VR-Skóli lífsins er netnám fyrir nemendur í framhaldsskóla sem hleypt var af stokkunum árið 2014. Markmiðið er að kynna nemendum vinnumarkaðinn og réttindi og skyldur. Fjölmargir framhaldsskólar á félagssvæði VR eru með VR-Skóla lífsins sem hluta af lífsleikninámi sínu. Hátt í þrettán þúsund nemendur hafa lokið náminu frá upphafi.

## SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í sex svið sem eru fjármála- og rekstrarsvið, kjaramálasvið, mannauðssvið, upplýsingatæknisvið, þjónustusvið og samskiptasvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi og stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni auk persónuverndaryfirlýsingar.

Engin vinnuslys voru skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2025.

### Starfsfólk skrifstofu

Í byrjun mars 2026 voru 76 starfandi hjá VR í tæplega 70 stöðugildum. Frá 1. mars 2025 til 28. febrúar 2026 hættu eftirtalin störfum hjá félaginu: Gísli Lúðvík Kjartansson á fjármála- og rekstrarsviði, Björn H. Björnsson á upplýsingatæknisviði, Jakob Þór Einarsson á kjaramálasviði, Erna Eyjólfsdóttir, Hjörtur Gunnar Jóhannesson og Selma Ragnheiður Klemensdóttir á þjónustusviði. Á sama tímabili hófu eftirtalin störf: Kolbrún Helga Hansen, Lára Ágústa Kristjánsdóttir og Inga Kristín Pétursdóttir á þjónustusviði, Birkir Einar Björnsson á kjaramálasviði og Patrycja Brulinska á mannauðssviði. Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir fluttist tímabundið frá skrifstofu framkvæmdastjóra yfir á samskiptasvið og Baldur Rökkvi Arnaldsson sem var í afleysingastarfi var fastráðinn á þjónustusviði.

Stefán Þórarinn Hermannsson var í sumarafleysingum á kjaramálasviði og Aldís Ósk Jónasdóttir var í sumar–afleysingum og hlutastarfi samhliða námi á þjónustusviði. Hakon Snær Snorrason var í sumarafleysingum í Miðhúsaskógi og í helgarvinnu ásamt Óskari Má Óskarssyni og Sólrún Ástvaldsdóttir var í tilfallandi verkefnavinnu á fjármála- og rekstrarsviði. Eva Margrét Guðnadóttir var í tímabundnu starfi á samskiptasviði.

## Fastráðið starfsfólk á skrifstofu
## 1. mars 2025

### Formaður

Halla Gunnarsdóttir

### Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

### Fjármála- og rekstrarsvið

| | |
|---|---|
| Oddur Gunnar Jónsson | Sviðsstjóri |
| Emil Gústafsson | Umsjón orlofseigna |
| Erling Rúnar Huldarsson | Umsjón orlofseigna |
| Erna Valborg Björgvinsdóttir | Bókhald |
| Heiða Jóna Hauksdóttir | Reikningshald |
| Sigurður Kjartansson | Umsjón í Miðhúsaskógi |

### Kjaramálasvið

| | |
|---|---|
| Bryndís Guðnadóttir | Sviðsstjóri |
| Aðalheiður Rán Þrastardóttir | Kjaramál |
| Birkir Einar Björnsson | Kjaramál |
| Bryndís Kjartansdóttir | Kjaramál |
| Hreiðar Ævar Jakobsson | Kjaramál og trúnaðarmenn |
| Jurgita Subonyte | Kjaramál |
| Kolbrún Júlía Erlendsdóttir | Kjaramál og vinnustaðaeftirlit |
| Konráð Garðar Guðlaugsson | Kjaramál og vinnustaðaeftirlit |
| Kristín María Björnsdóttir | Kjaramál |
| Oddur Birnir Pétursson | Kjaramál |
| Sandra Björk Jóhannsdóttir | Kjaramál |
| Sigrún Svava Gísladóttir | Kjaramál |
| Viktoría Jensdóttir | Kjaramál |
| Þorsteinn S. Sveinsson | Kjaramál |
| Þórlaug Jónatansdóttir | Kjaramál |

### Mannauðssvið

| | |
|---|---|
| Herdís Rán Magnúsdóttir | Sviðsstjóri |
| Birgir Georgsson | Eignaumsjón |
| Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir | Gæða- og skjalamál |
| Malgorzata Maria Madej | Mötuneyti |
| Patrycja Brulinska | Ræstingar |

### Samskiptasvið

| | |
|---|---|
| Steinunn Böðvarsdóttir | Sviðsstjóri |
| Anna Lilja Björnsdóttir | Markaðsmál og viðburðir – í leyfi |
| Árdís Birgisdóttir | Markaðsmál og viðburðir – í leyfi |
| Björg Lilja Jónsdóttir | Markaðsmál og samfélagsmiðlar |
| Fjóla Helgadóttir | Vefur og markaðsmál |
| Magdalena Mazur Tómasdóttir | Samfélagsmiðlar og markaðsmál |
| Reynir Albert Þórólfsson | Grafík |
| Sandra Ósk Jóhannsdóttir | Fræðsla og kynningar – í leyfi |
| Selma Kristjánsdóttir | Starfsmenntamál |
| Signý Aðalsteinsdóttir | Starfsmenntamál |
| Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir | Verkefnastjórn og viðburðir |

### Skrifstofa framkvæmdastjóra

| | |
|---|---|
| Sigmundur Halldórsson | Landssamband íslenzkra verzlunarmanna |
| Victor Karl Magnússon | Tölfræði og greiningar |
| Viðar Ingason | Hagfræðingur |

### Upplýsingatæknisvið

| | |
|---|---|
| Haukur Hannesson | Sviðsstjóri |
| Rúnar Kristinsson | Forritun |
| Snorri Elís Halldórsson | Notendaþjónusta og rekstur tölvubúnaðar |
| Sonja Steinarsdóttir | Rekstur tölvukerfa og gagnagrunna |

### Þjónustusvið

| | |
|---|---|
| Þórarinn Þórsson | Sviðsstjóri |
| Árni Kristjánsson | Þjónustuver |
| Ásta Björk Ólafsdóttir | Orlofssjóður |
| Ástríður Valbjörnsdóttir | Sjúkrasjóður |
| Baldur Rökkvi Arnaldsson | Þjónustuver |
| Berglind Ingadóttir | Starfsmenntasjóður |
| Elín Matthildur Andrésdóttir | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Erla Bryndís Ingadóttir | Starfsmenntasjóður |
| Eymundur G. Hannesson | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Hanna Rut Friðriksdóttir | Þjónustuver |
| Heiða Björg Tómasdóttir | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Hildur Guðjónsdóttir | Starfsendurhæfinga - VIRK |
| Inga Kristín Pétursdóttir | Þjónustuver |
| Katrín Magnúsdóttir | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Katrín Sólveig Sigmarsdóttir | Þjónustuver |
| Kolbrún Helga Hansen | Þjónustuver |
| Lára Ágústa Kristjánsdóttir | Þjónustuver |
| Ragna Steina Snæfells Lárudóttir | Þjónustuver – í leyfi |
| Rannveig Rögnvaldsdóttir | Sjúkrasjóður |
| Rósmary Úlfarsdóttir | Sjúkrasjóður |
| Salbjörg Björnsdóttir | Þjónustuver |
| Sigrún Lína Sigurðardóttir | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Sigrún Rós Elmers | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Soffía Einarsdóttir | Starfsendurhæfing - VIRK |
| Sóley Garðarsdóttir | Þjónustuver |
| Þórunn Jónsdóttir | Orlofssjóður |

## KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2025

Alls sitja fimmtán einstaklingar í stjórn auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2025. Á aðalfundi 26. mars 2025 tóku neðangreind sæti í forystu félagsins:

**Sjö í stjórn VR til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.**

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Andrea Rut Pálsdóttir
Karl F. Thorarensen
Jennifer Schröder
Styrmir Jökull Einarsson
Selma Björk Grétarsdóttir

**Þrír í varastjórn til eins árs:**

Þórir Hilmarsson
Birgitta Ragnarsdóttir
Eldar Ástþórsson

### Trúnaðarráð

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

... Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillingarnefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ..."

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2025 – 2029 rann út á hádegi þann 3. febrúar 2025. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2024.

Trúnaðarráð:

Álfhildur Sigurjónsdóttir Heide
Arnar Þorvarðsson
Árni Guðmundsson
Ásdís Hreinsdóttir
Áslaug Alexandersdóttir
Ásthildur Hannesdóttir
Björg Gilsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Corinias Caraba
Daníel Roche Anítuson
Drífa Snædal
Egill Kári Helgason
Einar Jónsson
Elín Lára Jónsdóttir
Elmar Guðlaugsson
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir
Hafliði Ingason
Halldóra Magnúsdóttir
Hulda Stefanía Hólm
Jessica Guerrero Roman
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson
Kjartan Valgarðsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Maiia Dermanska
Nadia Tamimi
Páll Örn Líndal
Paula A. Rodriguez Sanchez
Phoenix Jessica Ramos
Ragnar Orri Benediktsson
Rameshwar Khatgave
Sesselja Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Svanur Þór Valdimarsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þröstur Ríkarðsson

## TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 342 í byrjun mars árið 2026 en voru 316 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á vefsíðu VR, www.vr.is.

## GENERAL ACTIVITIES AND SERVICES 2025

| | |
|---|---|
| Number of members | 41,400 |
| Individuals that paid membership fees at least once during the year | 52,913 |
| Employment terms under examination for members | 1,431 |
| Benefit recipients from VR Sick Pay Fund | 1,899 |
| Grants from VR Contingency Fund | 19,095 |
| New registrations for services from VIRK consultants at VR | 481 |
| Nights spent in VR holiday cottages | 26,400 |

## COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS

Shortly before VR's Annual General Meeting in 2024, the union signed collective agreements valid until January 31, 2028, provided that the defined conditions of the agreement are met. These conditions stipulate that certain inflation targets must be achieved and that the government upholds its commitments related to the government's declaration from March 7, 2024.

VR and other trade unions are part of a Wage and Premises Committee tasked with monitoring economic developments in relation to these provisions. During VR's 2025-2026 board term, work related to this took place. In this context, for instance, the committee approved in March, 2026, that the wage scales of the collective agreements would increase by 0.06% as of April 1, 2026. This so-called wage scale increase ensures that wages paid according to wage scales receive an additional raise if wages in the labour market increase more than the lowest scale wages, and the committee concluded that this had indeed been the case.

Preparation for the next collective bargaining negotiations was a major part of the work of the Board of VR during the operating year. The union's wage committee worked on analysing the state of the labour market and economic conditions, as well as developing proposals on the organization and procedures for the upcoming negotiations.

## OTHER AGREEMENTS

VR has been engaged in ongoing negotiations with Icelandair on behalf of employees working in ground handling at Keflavík Airport. This work concerns a review of the employees' working arrangements, which are characterized, among other things, by so-called "split shifts," where working hours are not continuous throughout the day. These negotiations are still ongoing. The collective agreement of VR and other trade unions representing employees at Norðurál and Elkem Ísland was approved in a joint ballot of the unions, which concluded at noon on Tuesday, 22 April 2025.

## WAGE ISSUES

In 2025, employment terms specialists provided assistance to 1,431 members at the union's Reykjavík office, representing a 9.8% increase year-on-year.

The department's specialists opened 1,798 new cases in 2025 compared to 1,628 in 2024. Cases are opened when specialists deem it necessary or when further assistance is still considered needed following an initial visit or phone call. In each instance, a employment terms specialist assesses whether it is necessary to document the advice provided, even if the matter does not proceed to full processing. It has proven crucial to have such documentation in cases where individuals later return to the employment terms department. Cases at the service desk are opened following an office visit or email correspondence. It is extremely rare for a case to be opened following a phone call or web chat.

## VR SICK PAY FUND

Sickness per diem payments to VR members increased by 12% between the years 2024 and 2025, which is significantly above general wage developments and the increase in membership. Individuals who received sickness per diem payments from the union increased by 50 during the year, or by 2.2%, while membership increased by 0.1% during the same period.

This trend in sickness per diem payments has been observed over the past five years within the union, and the ratio of paid sickness per diem payments to contributions has increased by over 20% during that time, rising from 70% to 91%. The largest single category of illness remains mental disorders, accounting for 36% in 2025, which is similar to 2024.

## VR CONTINGENCY FUND

| Aðrar eignir | 77.902.274 | 1.759.461.980 |
| Eignir samtals | 2.205.552.274 | 1.759.461.980 |
| Skuld við VR | 1.274.846.025 | 1.099.297.952 |
| Aðrar skuldir | 99.312.037 | 90.435.471 |
| Skuldir samtals | 1.374.158.062 | 1.189.733.423 |
| Eigið fé samtals | 831.394.212 | 569.728.557 |

## 9. LANGTÍMAKRAFA

Á árinu samþykkti stjórn VR að veita VR Blæ leigufélagi hf. langtímalán að fjárhæð 1.240 m.kr. til fjármögnunar félagsins sbr. skýr 11. Fjárhæðin er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverð og ber fasta vexti 4,5% á ári. Krafan skal greidd með jafngreiðslum mánaðarlega til 50 ára með heimild til uppgreiðslu og gjaldfellingar frá og með 1 maí 2028. Krafan, sem er færð á afskrifuðu kostnaðarverði og er tryggð með veði í öllum íbúðum VR Blævar leigufélags hf. sem metnar eru á 2,1 ma.kr. í ársreikningi félagsins. Breyting langtímakröfunnar greinist þannig:

| | **31/12/2025** |
|---|---|
| Veitt ný langtímakrafa | 1.240.000.000 |
| Afborganir | (3.987.090) |
| Verðbætur | 38.833.115 |
| Langtímakrafa samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 1.274.846.025 |
| Næsta árs afborganir | (7.139.117) |
| Staða í árslok | 1.267.706.908 |

## 10. VERÐBRÉF OG VERÐBRÉFASJÓÐIR

| **a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:** | **2025** | **2024** |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 12.973.672.680 | 13.084.650.577 |
| Flutt frá Leiðsögn - félagi leiðsögufólks | 141.919.124 | 0 |
| Útborgað af verðbréfasöfnum | (53.014.391) | (1.051.052.166) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | (299.994.848) | (171.538.289) |
| Verðbreytingar ársins | 1.199.095.147 | 1.111.612.558 |
| Staða í árslok | 13.961.677.712 | 12.973.672.680 |
| Nafnávöxtun á verðbréfaeign | 8.71% | 8.53% |
| Raunávöxtun á verðbréfaeign | 4.22% | 3.29% |

### b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

| | 31/12/2025 | 31/12/2024 |
|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 320.738.564 | 225.442.150 |
| Erlend innlán | 391.034.413 | 367.587.583 |
| Ríkisvíxlar, ríkisskuldabr. og skbr. m. ábyrð ríkissjóðs | 8.741.205.263 | 8.075.094.895 |
| - Íbúðabréf | 0 | 1.960.608.034 |
| - Verðtryggð ríkisskuldabréf | 4.169.673.380 | 1.983.510.458 |
| - Óverðtryggð ríkisskuldabréf og víxlar | 4.571.531.883 | 4.130.976.403 |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 477.781.049 | 584.075.464 |
| Skuldabr. og víxlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana | 209.808.055 | 494.082.353 |
| Sértryggð skuldabréf | 1.227.377.903 | 897.168.891 |
| Önnur verðbréf | 1.234.499.644 | 793.130.237 |
| - Skuldabréf fyrirtækja | 444.584.229 | 122.983.269 |
| - Erlend skuldabréf | 590.272.686 | 439.515.415 |
| - Aðrar fjárfestingar | 199.642.729 | 230.631.553 |
| Hlutabréf | 1.359.232.821 | 1.537.091.107 |
| - Innlend hlutabréf | 499.345.588 | 494.403.953 |
| - Erlend hlutabréf | 859.887.233 | 1.042.687.154 |
| | 13.961.677.712 | 12.973.672.680 |

### c. Verðbréfaeign félagsins skiptist þannig á einstaka sjóði félagsins:

| | | |
|---|---|---|
| Félagssjóður VR | 1.334.386.957 | 1.034.775.126 |
| Sjúkrasjóður VR | 4.067.587.318 | 3.705.698.988 |
| VR varasjóður | 2.763.246.529 | 2.574.797.536 |
| Vinnudeilusjóður VR | 5.796.456.908 | 5.658.401.030 |
| | 13.961.677.712 | 12.973.672.680 |

### d. Ávöxtun fjárfestinga

Ávöxtun fjárfestinga samanstendur af eignarhlutum í dótturfélaginu VR Blæ leigufélagi hf. skráðum á gangvirði sbr. skýringu 8, langtímakröfu á VR Blæ leigufélag hf. sem haldið er til gjalddaga sbr. skýringu 9 og verðbréfa félagsins.
Ávöxtunin skiptist þannig á árinu 2025:

| | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|---|---|---|
| Verðbréfasöfn | 8.71% | 4.22% |
| Langtímakrafa VR Blær leigufélag hf. | 7.64% | 3.20% |
| Óskráð hlutabréf VR Blær leigufélag hf. | 37.28% | 31.62% |
| Reiknuð heildarávöxun allra flokka | 9.75% | 5.22% |

## 11. FRAMKVÆMDAFJÁRMÖGNUN VR BLÆR LEIGUFÉLAG

Í mars 2024 samþykkti stjórn VR að veita VR Blæ leigufélagi slhf. framkvæmdalán að fjárhæð allt að 1,3 ma.kr. og bar lánið breytilega vexti sem miðuðu við kjörvexti Landsbankans að frádregnu 0,1% eða sem nam 11,2% í árinu. Lánið var endurfjármagnað með langtímakröfu frá VR sbr. skýringu 9 á árinu.

| Framkvæmdafjármögnunin greinist þannig: | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 1.099.297.952 | 0 |
| Nýtt framkvæmdalán | 0 | 1.055.600.000 |
| Áfallnir vextir samkvæmt samningum | 29.877.234 | 43.697.952 |
| Endurgreidd lánveiting | (1.129.175.186) | 0 |
| Staða í árslok | 0 | 1.099.297.952 |

## 12. ÓINNHEIMTAR TEKJUR

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| LIVE vegna iðgjalda | 448.836.596 | 459.481.781 |
| Kreditkort | 9.908.891 | 42.549.975 |
| Útistandandi greitt með VR varasjóði | 21.823.925 | 17.594.226 |
| Þjónustutekjur | 919.991 | 7.338.710 |
| | 481.489.403 | 526.964.692 |

## 13. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR

| | | |
|---|---|---|
| Flugmiðar Icelandair | 5.409.600 | 131.949.000 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 7.129.591 | 5.273.608 |
| Lán til félagsfólks vegna gjaldþrota vinnuveitanda | 5.585.985 | 0 |
| Áfallnir vextir langtímakrafna | 3.862.823 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7.414.379 | 5.415.693 |
| | 29.402.378 | 142.638.301 |

## 14. EIGIÐ FÉ

### Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári samkvæmt ársreikningi | 15.136.991.216 | 14.257.895.285 |
| Yfirfært frá Leiðsögn - félagi leiðsögufólks | 17.463.933 | 0 |
| Yfirfært frá Sjúkra-/orlofsheimilasjóð Félags leiðsögumanna | 145.658.582 | 0 |
| Rekstrarafkoma ársins | 1.335.553.414 | 879.095.931 |
| | 16.635.667.145 | 15.136.991.216 |

## 15. REIKNAÐUR FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

Reiknaður er fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði verðbréfa félagsins í árslok og færður sem skuld þar sem gera má ráð fyrir að hann verði greiddur við sölu eða innlausn viðkomandi verðbréfa í framtíðinni. Breytingar á reiknuðum fjármagnstekjuskatti greinist þannig:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 326.411.909 | 261.228.764 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu | (299.994.848) | (171.538.289) |
| Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts | 254.232.099 | 236.721.434 |
| | 280.649.160 | 326.411.909 |

## 16. VR VARASJÓÐUR

Félagið rekur sérstakan sjóð (VR Varasjóð) er sameinar réttindi mismunandi sjóða og gefur félagsmönnum möguleika á að nýta þann sjóð af meira frjálsræði og með meiri sveigjanleika en almennt er hjá stéttarfélögum. Stjórn VR leggur fram til samþykktar tillögu fyrir aðalfund ár hvert um hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni til sjóðsins og skiptingu þess milli annarra sjóða.

Tillaga stjórnar um framlag vegna ársins 2025 í VR varasjóð verður lögð fyrir aðalfund VR árið 2026 og verður bætt við réttindainneign félagsmanna á árinu 2025. Auk þess eru þrisvar á ári gerð aukakaup vegna félagsmanna í þeim tilvikum þar sem vanskil voru á iðgjöldum þegar aðalkaup framlaga fóru fram. Fyrning réttinda á sér stað eftir reglum VR varasjóðs þegar félagsmenn hætta að greiða til VR og færast til baka til annarra sjóða.

Framlög sem færð eru á milli sjóða í ársreikningnum greinast þannig:

| | Félagssjóður VR | Sjúkrasjóður VR | Orlofssjóður VR | VR varasjóður |
|---|---|---|---|---|
| Framlag samþykkt á aðalfundi | (300.000.000) | (450.000.000) | (300.000.000) | 1.050.000.000 |
| Aukakaup á árinu | (2.016.105) | (4.032.209) | (2.352.122) | 8.400.436 |
| Fyrning ársins | 44.785.726 | 58.781.263 | 36.388.402 | (139.955.391) |
| | (257.230.379) | (395.250.946) | (265.963.720) | 918.445.045 |

Sérgreind réttindainneign félagsmanna í VR varasjóði í árslok 2024 var 2,5 ma.kr. sem skiptist á um 79 þús. einstaklinga og greinist þannig á árinu:

## 16. VR VARASJÓÐUR, FRH.

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 2.507.769.275 | 2.276.052.171 |
| Úthlutað framlag samkvæmt aðalfundi | 1.050.000.000 | 1.050.000.000 |
| Aukframlag ársins | 8.400.436 | 42.149.691 |
| Fyrningar réttinda | (139.955.391) | (136.116.312) |
| Lagt í Varasjóð vegna félagsfólks, nettó | 918.445.045 | 956.033.379 |
| Gengisbreyting ársins | 212.099.306 | 168.194.748 |
| Breyting ársins færð í rekstrarreikning | 1.130.544.351 | 1.124.228.127 |
| Útgreiðslur VR varasjóðs til félagsfólks | (923.968.797) | (892.511.023) |
| Skuldbinding í árslok | 2.714.344.829 | 2.507.769.275 |

## 17. SKAMMTÍMASKULDIR

| | 31/12/2025 | 31/12/2024 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 97.367.600 | 106.295.847 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | 152.006.988 | 179.447.521 |
| Ógreidd staðgreiðsla og styrkir vegna sjóða | 95.446.852 | 75.214.120 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 36.501.283 | 28.404.020 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 24.582.738 | 11.967.472 |
| | 405.905.461 | 401.328.980 |

## 18. ATBURÐIR EFTIR LOK REIKNINGSSKILADAGS

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2025.

## 19. TENGDIR AÐILAR

Dótturfélög, aðal- og varamenn í stjórn félagsins, auk framkvæmdastjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar viðkomandi aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.
VR leggur starfsmenntasjóðum félagsins til 25% mótframlag á móti innheimtum iðgjöldum sjóðanna og annast samkvæmt þjónustusamningum umsýslu þeirra. Viðskiptin greinast þannig á árinu:

| | Framlag | Þóknun |
|---|---|---|
| Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks | 227.293.263 | 51.304.524 |
| Starfsmenntasjóður verslunarinnar | 8.474.278 | 3.399.211 |

VR á dótturfélagið VR Blæ leigufélag hf. og hefur lagt félaginu til hlutafé að fjárhæð 570 m.kr. sbr. skýr. 8 og langtímalán að fjárhæð 1,3 ma.kr. sbr. skýr. 9. Engin önnur viðskipti eru við tengda aðila hjá félaginu.

## 20. TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN Á STÖÐU SJÚKRASJÓÐS

Félagið lætur, á tveggja ára fresti, gera tryggingastærðfræðilega athugun á stöðu Sjúkrasjóðs VR og var það gert á árinu 2025. Athugunin er unnin af tryggingastærðfræðingi og er miðuð við stöðu í lok árs 2024 og samsetningu sjóðsfélaga og annarra forsenda á því ári.

Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins er að fjárhagsstaða sjóðsins miðað við áfallna stöðu, þar sem lagt er mat á verðmæti greiðslna til þeirra sem nutu dagpeninga í lok árs 2024 og verðmæti dánarbóta á sama tíma sé traust hvað varðar áfallna stöðu. Hins vegar sé litið til þess að veikindatíðni sjóðsfélaga hefur aftur hækkað töluvert á síðustu þremur árum, eftir lítilsháttar lækkun á veikindatíðni árin 2021 og 2022 og þá litið til nýrra sjóðfelaga sem greiða myndu til sjóðsins alla starfsævi, teljast útgjöld vera 5% umfram væntar iðgjaldaatekjur.

Væntar bótagreiðslur ásamt rekstrarkostnaði miðað við núverandi stofn sjóðfélaga, án annarra bóta reiknast um 97% af iðgjöldum á árinu 2024.

Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins er því að ekki sé svigrúm í afkomu sjóðsins til að leggja í varasjóð miðað við framtíðarhorfur í rekstri sjóðsins og að hugsanlega þurfi að draga úr útgjöldum dagpeninga til að ná jafnvægi í rekstri sjóðsins.

## 21. SAMÞYKKI ÁRSREIKNINGS

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 11. mars 2026.

## 22. SJÓÐSTREYMISYFIRLIT SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA

| | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarniðurstaða ársins | 1.335.553.414 | 879.095.931 | 928.067.762 | (58.705.849) |
| Afskriftir | 168.399.266 | 141.166.487 | 131.926.240 | 123.105.650 |
| Fjármagnsliðir | (997.591.937) | (874.891.122) | (558.107.593) | 585.732.564 |
| Aðrar breytingar | (157.892.875) | 168.214.196 | 114.675.247 | (116.851.216) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 348.467.868 | 313.585.492 | 616.561.656 | 533.281.149 |
| | | | | |
| Breyting á: | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 152.539.364 | (173.931.463) | (62.984.154) | (68.480.375) |
| Rekstrartengdum skuldum | 4.576.481 | 64.696.513 | 26.972.447 | 52.017.387 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 505.583.713 | 204.350.542 | 580.549.949 | 516.818.161 |

| | Allar deildir | |
|---|---|---|
| | 2025 | 2024 |
| **Aðrar tekjur** | | |
| Umsjónarlaun VIRK | 156.168.482 | 146.519.220 |
| Umsjónarlaun starfsmenntasjóða | 54.703.735 | 50.592.659 |
| Skattur vegna LÍV | 23.791.740 | 21.884.444 |
| Aðrar tekjur | 8.313.669 | 13.826.590 |
| | 242.977.626 | 232.822.913 |
| **Iðgjöld og skattar** | | |
| Skattur til ASÍ | 266.041.526 | 247.721.270 |
| Framlög í starfsmenntasjóði | 235.767.541 | 218.827.082 |
| Annað | 27.458.327 | 27.036.596 |
| | 529.267.394 | 493.584.948 |
| **Bætur og styrkir** | | |
| Sjúkradagpeningar | 2.976.166.197 | 2.659.492.365 |
| Dánarbætur | 61.935.257 | 71.821.774 |
| Örorkubætur | 2.964.750 | 13.637.850 |
| Aðrir styrkir Sjúkrasjóðs VR | 31.087.891 | 26.556.081 |
| Framlag VR varasjóðs til félagsfólks, nettó | 1.130.544.351 | 1.124.228.127 |
| | 4.202.698.446 | 3.895.736.197 |
| **Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta** | | |
| Rekstur orlofshúsa | 233.928.131 | 248.200.674 |
| Leiga á orlofshúsum | 14.735.920 | 18.823.308 |
| Niðurgreiðslur flugfélaga og ferðaskrifstofa | 70.080.000 | 60.123.300 |
| Aðrar niðurgreiðslur | 5.757.860 | 7.084.510 |
| | 324.501.911 | 334.231.792 |
| **Útbreiðslu- og félagsmál** | | |
| Kosningar, auglýsingar, kannanir o.fl. | 28.300.654 | 24.540.586 |
| Kostnaður vegna kjaramála | 49.558.747 | 38.728.908 |
| Útgáfa og kynningar | 82.668.537 | 108.252.693 |
| Styrkir og framlög til samstarfsverkefna | 29.537.000 | 30.150.041 |
| Fundir og ráðstefnur | 38.673.492 | 28.696.859 |
| Annar kostnaður | 38.538.573 | 37.703.028 |
| | 267.277.003 | 268.072.115 |

| | Allar deildir | |
|---|---|---|
| | **2025** | **2024** |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | | |
| Laun | 878.586.894 | 841.478.937 |
| Launatengd gjöld | 197.724.403 | 181.758.700 |
| Annar starfsmannakostnaður | 40.382.773 | 40.691.912 |
| Starfsmannakostnaður samtals | 1.116.694.070 | 1.063.929.549 |
| Innheimtukostnaður iðgjalda | 127.952.761 | 121.402.921 |
| Sími og internet | 10.859.183 | 10.931.002 |
| Aðkeyptur akstur | 6.124.629 | 7.619.636 |
| Endurskoðun | 7.058.640 | 6.538.029 |
| Hugbúnaður | 94.817.167 | 70.979.554 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 16.681.206 | 5.289.924 |
| Rekstur búnaðar | 8.891.569 | 9.750.149 |
| Annar skrifstofukostnaður | 9.935.494 | 12.852.007 |
| Skrifstofukostnaður samtals | 154.367.888 | 123.960.301 |
| Húsaleiga | 9.340.059 | 9.710.736 |
| Orkukaup | 5.170.284 | 7.310.281 |
| Fasteignagjöld og önnur opinber gjöld | 14.794.078 | 14.870.108 |
| Viðhald húsnæðis og búnaðar | 13.915.712 | 32.667.914 |
| Innréttingar, áhöld og búnaður | 3.940.483 | 8.526.537 |
| Vátryggingar | 2.695.693 | 2.377.487 |
| Hússjóður og sameiginlegur kostnaður | 10.416.922 | 11.761.288 |
| Aðkeypt önnur þjónusta | 15.892.981 | 14.165.194 |
| Sölutap eigna | 0 | 19.450 |
| Annar eignakostnaður | 1.007.891 | 3.147.927 |
| Rekstur eigna samtals | 77.174.103 | 104.556.922 |
| | 1.476.188.822 | 1.413.849.693 |

## Umgjörð stjórnarhátta VR

Stjórn VR leggur áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi sinni. Stjórnarhættir félagsins markast af lögum félagsins sem sett eru á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, starfsreglum stjórnar sem birtar eru á vef félagsins www.vr.is en þær taka mið af viðmiðunarreglum um réttindi og skyldur stjórnamanna í aðildarsamtökum ASÍ (https://asi.is/vidmidunarreglur-um-rettindi-og-skyldur-stjornarmanna-i-adildarsamtokum-asi/)

Gildandi starfsreglur voru samþykktar af stjórn félagsins á stjórnarfundi VR nr. 1279 þann 14. maí 2025. Þar er m.a. mælt fyrir um fundi stjórnar, boðun funda, fundargerðir, fundarritun og fylgigögn, upplýsingagjöf til stjórnar, réttindi og skyldur stjórnarmanna VR og verkaskiptingu.

Framsetning sjórnarháttaryfirlýsinga 2025 er m.a. gerð með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins sem haldinn skal fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir en miðað er við að stjórnarfundur sé a.m.k. einu sinni í mánuði.  Stjórn skal halda fund ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn krefjast þess.

Ákvörðun um laun stjórnarfólks er ákveðin á aðalfundi ár hvert að fenginni tillögu stjórnar og launanefndar VR.

## Stjórn

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og fjáhagsmálefni þess. Stjórnin hefur eftirlit með daglegum rekstri félagsins og fylgist með því að virkt kerfi innra eftirlits sé ávallt til staðar. Stjórn félagsins samþykkir árlega við tvær umræður í stjórn starfs- og fjárhagsáætlun sem tekin er fyrir á fundum stjórnar í nóvember og desember. Stjórn félagsins hefur sett sér sérstakar starfsreglur (https://www.vr.is/um-vr/skipulag-og-stjorn-vr/stjorn-vr/starfsreglur-stjornar-vr/)

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. Formaður er kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Í stjórn félagsins eru 8 konur og 7 karlar og uppfyllir því öll almenn viðmið um kynjahlutföll í stjórnum félaga.

Einstakir stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sýnum og taka ekki við fyrirmælum frá neinum hagaðilum tengdum félaginu. Stjórnarfólk skilar inn árlega upplýsingum um kjörgengi og upplýsingum um tengda aðila sbr. skýringu 18 í þessum ársreikningi.

Í stjórn félagsins í mars 2026 eru:
Halla Gunnarsdóttir, formaður, kjörin í stjórn árið 2023 og tók við sem formaður í desember 2024.
Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður, kjörinn í stjórn árið 2025.
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, ritari, kjörin í stjórn árið 2024.
Andrea Rut Pálsdóttir, með stjórnandi, kjörin í stjórn árið 2025.
Birgitta Ragnarsdóttir, meðstjórnandi, kjörin í stjórn árið 2025.
Bjarni Þór Sigurðsson, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2024.
Jennifer Schröder, meðstjórnandi, kjörin í stjórn árið 2025.
Jónas Yngvi Ásmundsson, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2024.
Karl F Hilmarsson Thorarensen, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2025
Selma Björk Grétarsdóttir, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn 2025.
Sigríður Lovísa Jónsdóttir, meðstjórnandi, kjörin í stjórn árið 2024.
Styrmir Jökull Einarsson, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2025.
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, meðstjórnandi, kjörin í stjórn árið 2025.
Tómas Gabríel Benjamín, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2024.
Þórir Hilmarsson, meðstjórnandi, kjörinn í stjórn árið 2025.
Eldar Ástþórsson, varamaður, kjörinn árið 2025.

Engin hagsmunatengsl eru við viðskiptaaðila félagsins eða aðra hagsmunaaðila tengda VR hjá neinum stjórnarmanni á árinu 2025.

Í júní 2025 hætti Harpa Sævarsdóttir í stjórn VR og Þórir Hilmarsson varð því aðalmaður í stjórn. Í nóvember 2025 hætti Diljá Ámundadóttir í stjórn og Birgitta Ragnarsdóttir tók sæti hennar sem aðalmaður.

Stjórn félagsins hefur ekki sett sér formlega stefnu um fjölbreytileika í tengslum við skipan stjórnar eða æðstu stjórnenda félagsins umfram það sem mælt er fyrir í lögum um sem jafnast hlutfall beggja kynja í stjórn þess. Félagið hefur hins vegar í framkvæmd um langt árabil lagt áherslu á að stjórn og stjórnendur þess séu jafnt af báðum kynjum, á breiðu aldurbili og hafi fjölþættan bakgrunn menntunar og reynslu, þekkingar og færni. Í gr. 20.4 um röðun á lista í stjórn félagsins er kveðið á um sérstaka kynjafléttu til að tryggja jafna skiptingu í stjórn félagsins.

## Trúnaðarráð

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð í samræmi við 14. gr. laga félagsins sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, stjórnar Ungliðaráðs, formanns Öldungadeildar stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

## Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru 12 talsins sem er skipað stjórnarfólki og eru tvær þeirra með ákvörðunarvald, annars vegar um orlofsmál og hins vegar um málefni sjúkrasjóðs.

### *Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR*

Í framkvæmdastjórn Sjúkrasóðs VR sitja fimm einstaklingar úr stjórn félagsins en hún fer með stjórn og hefur eftirlit með afgreiðslu fyrir sjúkrasjóðinn, skv. 5 gr. reglugerðar Sjúkrasjóðsins.

### *Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR*

Í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR sitja fimm einstaklingar úr stjórn félagsins, en hún hefur umsjón með orlofshúsum félagsins, gerir tillögur um fjárfestingar í Orlofssjóði og leigugjald fyrir orlofshúsin til stjórnar VR. Orlofsstjórn starfar samkvæmt reglum Orlofssjóðs VR.

Einnig eru starfandi tíu aðrar undirnefndir en það eru Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR, Starfsmenntanefnd VR, Húsnæðisnefnd VR, Öldungaráð VR, Launanefnd VR, Umhverfisnefnd, Styrkjanefnd, Laganefnd VR, Framkvæmdastjórn vinnudeilusjóðs VR og Kjaramálanefnd VR.

## Stefnur stjórnar

VR hefur sett sér fimm sérstakar stefnur bæði í hagsmunabaráttu sína og til styrkingar innra starfs sem birtar eru á vef félagsins www.vr.is. En það eru jafnréttisstefna VR, menntastefna VR, umhverfisstefna VR, vinnumarkaður framtíðar - stefna VR og tæknistefna VR.

## Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð daglegum rekstri félagsins og fylgir í því sambandi stefnu og fyrirmælum stjórnar. Framkvæmdastjóri veitir stjórnarmönnum reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo þeir geti sinnt störfum sínum.

Sex sviðsstjórar eru hjá félaginu hver á sínu sviði en eftirfarandi er skipurit félagsins samþykkt í stjórn félagsins í október 2024:




## Siðareglur

Stjórn félagsins samykkti á stjórnarfundi þann 14 apríl 2010 siðareglur fyrir starfsemi sýna. Siðareglurnar hafa að leiðarljósi virðingu og réttlæti sem eru kjörorð félagsins út á við. Siðareglurnar taka á viðringu, fordæmi, heiðarleika, ábyrgð, gagnsæi, hlutlægni og réttlæti. Þær eru birtar á heimasíðu félagsins www.vr.is

## Mannauður og jafnréttismál

VR hefur sett sér starfsmannastefnu og er stefna félagsins að hafa ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki og kappkostar félagið að veita starfsfólki sínu tækifæri til að það öðlist þá þekkingu og færni sem til þarf til starfa. Starfsfólk VR starfar í samræmi við sameiginlegar siðareglur stjórnar, fulltrúa í nefndum og stjórnum félagsins. Starfsfólk er hvatt til símenntunar til að vilhalda hæfni sinni til viðkomandi starfa og stendur til boða samgöngustyrkir, líkamsræktarsyrkir og getur fengið tíma hjá sálfræðingi sé þess óskað.

VR vinnur markvisst að því að tryggja jafnrétti meðal starfsfólks og hefur markað sér jafnréttis- og jafnlaunastefnu þar sem markvisst er unnið með og stefnt að jafnrétti óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarhafti, trú, fjölskylduaðstæðum eða stjórnmálaskoðunum. Félagið hefur fengið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 í samstarfi við BSI á Íslandi.

Með vísan í 14. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er gerð krafa um að starfsfólk félagsins sýni samstarfsfélögum sínum virðingu og að öllum sé ljóst að kynbundið ofbeldi verður ekki liðið.
Þriggja manna teymi starfar á skrifstofu félagsins sem sinnir málum sem upp koma í sambandi við kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti, kynferðislegt áreiti, einelti, ofbeldi eða önnur samkskiptavandamál.

Á skrifstofu VR skal framfylgja reglum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað í hvívetna í samræmi við heilsustefnu félagsins.

VR hefur sett sér sérstaka eineltisstefnu þar sem stefnan er að starsfólk sýni samstarfsfólki sínu ávallt kurteisi og virðingu í

samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni er undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er ekki liðin.

## Innra eftirlit, áhættustjórnun og endurskoðun

Stjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt eftirlit í starfsemi félagins og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt með reglubundnum hætti.

Stjórnendur félagsins greina og meta fjárhagslegar áhættur í rekstri félagsins. Er þar meðal annars litið til greiðslu styrkja og bóta og ávöxtunar á sjóðum félagsins.

Helsta áhætta félagsins er rekstraráhætta en það er hættan á beinu og óbeinu tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfisbilana eða vegna annarra ytri atburða svo sem gangagíslatöku.

Lausafjárhætta er áhættan sem felst í tapi sem félagið getur orðið fyrir ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sína innan tilskilinna gjaldfresta eða með öðrum hætti sinnt hagsmunabaráttu sinni fyrir félagsfólk. Fylgst er með lausafjárstöðu félagsins frá mánuði til mánaðar m.t.t. framangreindra þátta og langtímasjónarmiða.

Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum hafi óhagstæð áhrif á afkomu félagsins og þar með eigið fé þess. Undir þá markaðáhættu falla einkum skráð verðbréf félagsins.

Í uppgjörsferli félagsins er leitast við að hafa verkaskiptingu með þeim hætti að ávallt komi tveir aðilar að helstu afstemmingum og ákvörðunum sem þeim tengjast. Sviðsstjórar einstakra sviða koma að ákvörðunum er lúta að þeirra ábyrgðarsviði. Með þessu fyrirkomulagi er haft eftirlit með öllum helstu verkþáttum er lúta að uppgjörum hjá félaginu.

Samkvæmt 27. gr. laga félagsins skulu reikningar félagsins áritaðir af löggiltum endurskoðanda og tveimur kjörnum skoðunarmönnum kjörnum á aðalfundi félagsins. Skoðunarmenn hafa einkum innra eftirlit með samþykktum stjórnar og eftirfylgni með þeim.

## Samfélagsleg ábyrgð

VR er umhugað um samfélagslegaábyrgð sína og leggur ríka áherslu á umhverfislega, félagslega og efnahagslega hagsæld samfélagsins. Félagið vinnur að stöðugum umbótum á ári hverju í þessum málaflokkum bæði í innri og ytri starfsemi félagsins og byggir sú vinna á gildum félagsins um virðingu og réttlæti (VR).

VR stefnir á árinu 2025 á innleiða stefnu um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni og mælingu á viðeigandi þáttum í starfsemi félagsins, en sú vinna að hefst í mars 2025 með aðstoð ráðgjafa.

VR er aðili að Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og leggur fjölmörgum verkefnum á þeim vettvangi lið, enda er hlutverk stéttarfélaga í eðli sínu samfélagslegt. VR hefur tekið virkan þátt í umræðunni um jöfn laun kynjanna, einelti á vinnustöðum og réttindi erlends vinnuafls enda nær samfélagsábyrgð víða, meðal annars til mannréttinda. VR-Skóli lífsins undirbýr ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn og kynnir því réttindi og skyldur í starfi. Námið stuðlar að auknu gagnsæi og þekkingu bæði í þágu starfsfólks og atvinnurekenda. VR býður starfsfólki upp á vistvæna samgöngustefnu og leggjur sitt af mörkum til samfélagsmála svo sem með stefnu um flokkun og endurnýtingu.

VR hefur sett sér jafnréttisáætlun og skýra stefnu og verklag gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Krafa félagsfólks VR er að félagið sinni upplýsingamiðlun fljótt og örugglega. Betra upplýsingaflæði frá félaginu og opin samskipti auka traust og trúnað. VR hefur mótað stefnu sem er grunnur að samskiptum við félagsfólk, almenning og fjölmiðla og felur í sér markmið félagsins í samskiptamálum.

VR hefur sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við persónuverndarreglugerð (GDPR) sem er samevrópsk lög og tóku þau gildi gildi þann 15. Júlí 2018 á Íslandi.

Persónuverndarstefnan skal vera leiðbeinandi í rekstri VR þannig að vinnsla fari fram á öruggan og siðferðilega réttan hátt, og á sama tíma tryggja fylgni við gildandi persónuverndarlöggjöf. Þessi stefna styður ennfremur við það að VR sé áreiðanlegur samstarfsaðili og njóti trausts félagsmanna sinna.

Félagið leitast við að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem samþykkt voru af Sameinuðu þjónunum í september 2015, í sínum rekstri og þjónustu og hefur stjórn félagsins ákvarðað hver helstu markmiðin eru sem snerta baráttu félagsins með beinum hætti. Markmiðin eru 17 talsins og snerta mörg þeirra starfsemi og hagsmunabaráttu VR með beinum eða óbeinum hætti en þeirra helstu eru:

### *Engin fátækt (1)*

Stéttarfélög leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hungri með því að gæta að hagsmunum launafólks, ekki bara hvað snertir launamál og baráttuna fyrir hækkun lágmarkslauna heldur einnig því sem snýr að heilsu, endurhæfingu, atvinnuleysi, húsnæði, menntun o.fl.

### *Heilsa og vellíðan (3)*

Með öflugum sjúkrasjóði leggur VR sín lóð á vogarskálarnar hvað þetta markmið varðar auk frumkvæðisvinnu um starfsendurhæfingu og aðkomu að stofnun og rekstri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VR varasjóður veitir einnig styrki til heilsueflingar og fyrirbyggjandi þátta.

### *Menntun fyrir alla (4)*

VR leggur mikla áherslu á mikilvægi menntunar síns félagsfólks, bæði með rekstri öflugra starfsmenntasjóða og VR varasjóðs en einnig með því að vinna að nýjum námsleiðum fyrir launafólk, símenntun, raunfærnimati og öðrum þáttum sem styrkja stöðu félagsfólks.

### *Jafnrétti kynjanna (5)*

VR hefur verið í fararbroddi stéttarfélaga á Íslandi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Félagið hefur m.a. farið í herferðir og ýtti úr vör jafnlaunavottun um leið og jafnlaunastaðall var samþykktur hér á landi svo eitthvað sé nefnt.

### *Góð atvinna og hagvöxtur (8)*

Þótt barátta stéttarfélaga almennt beinist einkum að því að auka kaupmátt þeirra einstaklinga sem mynda félögin er ljóst að hagsmunir launafólks og atvinnurekenda haldast í hendur. Góð atvinna byggir að auki á stöðugri réttindabaráttu stéttarfélaga.

### *Aukinn jöfnuður (10)*

VR hefur verið óþreytandi í baráttu fyrir hækkun lægstu launa félagsfólks síns og þar með auknum jöfnuði hér innanlands. Kjarabarátta VR hefur því að miklu leyti snúist um að draga úr ójöfnuði á meðal launafólks á vinnumarkaði.

### Umhverfi

VR samþykkti á fundi stjórnar 13 nóvember 2019 umhverfisstefnu VR. Samkvæmt henni er það stefna VR að vera í fararbroddi í umhverfisvernd og taka meðvitaða stefnu til móts við sjálfbærari framtíð og nýta markvisst þann slagkraft sem félagið hefur sem stærsta stéttarfélag landsins.

Í starfsemi VR skal ávallt leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með áherslu á vistvænar samgöngur, kolefnisjöfnun og ábyrgum innkaupum. Stefna ber að því að draga úr myndun úrgangs og áhersla lögð á endurnýtingu, ábyrga förgun og endurvinnslu í allri starfsemi félagsins.

Umhverfismál verði ávallt höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um stefnumótun og fjárfestingar. Fræðsla og kynning á aðgerðum VR í umhverfismálum verði liður í umhverfisstefnu félagsins. Starfsemi félagsins verði félagsmönnum og starfsfólki hvatning til að tileinka sér og tala fyrir umhverfisvænni lífsstíl, bæði heima fyrir og á vinnustað.

## Dómar og úrskurðir

Hvorki dómstólar né eftirlits- eða úrskurðaraðilar hafa á árinu fellt dóma eða úrskurði um að félagið hafi brotið gegn lögum eða reglum í starfsemi sinni né er kunnugt um slík brot.

## Yfirlýsing stjórnar

Yfirlýsing þessi um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar hefur verið sett saman af stjórn VR eftir besti vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins við félagsfólk, viðskiptavini, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

# YFIRLIT UM REKSTUR SJÓÐA VR ÁRIÐ 2025

| Rekstrartekjur | Félagssjóður | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | VR varasjóður | Vinnudeilu-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | 2.214.745.759 | 0 | 0 | 0 | 167.710.153 | 2.382.455.912 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 0 | 3.270.549.383 | 0 | 0 | 0 | 3.270.549.383 |
| Orlofsjóðsiðgjöld | 0 | 0 | 812.996.531 | 0 | 0 | 812.996.531 |
| Framlag í varasjóð | (257.230.379) | (395.250.946) | (265.963.720) | 918.445.045 | 0 | 0 |
| Útleiga orlofshúsa | 0 | 0 | 149.172.327 | 0 | 0 | 149.172.327 |
| Söluhagnaður orlofseigna | 0 | 0 | 108.597.969 | 0 | 0 | 108.597.969 |
| Aðrar tekjur | 242.467.626 | 0 | 510.000 | 0 | 0 | 242.977.626 |
| | 2.199.983.006 | 2.875.298.437 | 805.313.107 | 918.445.045 | 167.710.153 | 6.966.749.748 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld og skattar | 529.267.394 | 0 | 0 | 0 | 0 | 529.267.394 |
| Bætur og styrkir | 0 | 3.072.154.095 | 0 | 1.130.544.351 | 0 | 4.202.698.446 |
| Rekstur Orlofssjóðs | 0 | 0 | 324.501.911 | 0 | 0 | 324.501.911 |
| Útbreiðslu- og félagsmál | 253.626.702 | 6.545.996 | 5.766.585 | 891.839 | 445.881 | 267.277.003 |
| Skrifst. og stjórnunarkostn. | 1.086.631.651 | 173.542.269 | 169.113.373 | 34.466.003 | 12.435.526 | 1.476.188.822 |
| Afskriftir fastafjármuna | 58.634.848 | 0 | 109.764.418 | 0 | 0 | 168.399.266 |
| | 1.928.160.595 | 3.252.242.360 | 609.146.287 | 1.165.902.193 | 12.881.407 | 6.968.332.842 |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði** | **271.822.411** | **(376.943.923)** | **196.166.820** | **(247.457.148)** | **154.828.746** | **(1.583.094)** |
| Fjármunatekjur | 131.765.372 | 315.850.557 | 6.419.897 | 268.280.903 | 634.242.449 | 1.356.559.178 |
| Fjármagnsgjöld | (1.789.523) | (287.371) | (287.371) | (47.897) | (23.952) | (2.436.114) |
| Fjármagnstekjuskattur | (32.547.827) | (62.363.147) | (1.412.377) | (56.242.119) | (125.815.298) | (278.380.768) |
| Áhrif dótturfélags - VR Blær leigufélag hf. | 261.394.212 | 0 | 0 | 0 | 0 | 261.394.212 |
| | 358.822.234 | 253.200.039 | 4.720.149 | 211.990.887 | 508.403.199 | 1.337.136.508 |
| **Rekstrarafkoma** | **630.644.645** | **(123.743.884)** | **200.886.969** | **(35.466.261)** | **663.231.945** | **1.335.553.414** |

| **Eignir** | **Félagssjóður** | **Sjúkrasjóður** | **Orlofssjóður** | **VR varasjóður** | **Vinnudeilu-sjóður** | **Millifærslur** | **31.12 2025** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 1.029.371.566 | | 2.105.893.920 | | | | 3.135.265.486 |
| Eignarhlutir í félögum | 831.794.212 | | | | | | 831.794.212 |
| Langtímakrafa á dótturfélag - Blær hf. | | | | | 1.274.846.025 | | 1.274.846.025 |
| Fastafjármunir | 1.861.165.778 | 0 | 2.105.893.920 | 0 | 1.274.846.025 | 0 | 5.241.905.723 |
| | | | | | | | |
| Verðbréfaeign | 1.334.386.957 | 4.067.587.318 | | 2.763.246.529 | 5.796.456.908 | | 13.961.677.712 |
| Óinnheimtar tekjur | 152.801.450 | 228.845.361 | 86.950.930 | | 12.891.662 | | 481.489.403 |
| Aðrar skammtímakröfur | 19.225.824 | 4.608.062 | 5.568.492 | | | | 29.402.378 |
| Viðskiptareikningar við aðra sjóði | 112.694.350 | | 232.807.467 | | | (345.501.817) | 0 |
| Handbært fé | 295.870.683 | 1.969.351 | 11.715.299 | 12.536.046 | | | 322.091.379 |
| Veltufjármunir | 1.914.979.264 | 4.303.010.092 | 337.042.188 | 2.775.782.575 | 5.809.348.570 | (345.501.817) | 14.794.660.872 |
| | | | | | | | |
| **Eignir samtals** | **3.776.145.042** | **4.303.010.092** | **2.442.936.108** | **2.775.782.575** | **7.084.194.595** | **(345.501.817)** | **20.036.566.595** |
| | | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 3.487.338.283 | 3.939.582.907 | 2.403.908.905 | (125.240.147) | 6.930.077.197 | | 16.635.667.145 |
| | | | | | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | |
| Reiknaður fjármagnstekjuskattur | 16.938.742 | 94.289.668 | | 44.149.687 | 125.271.063 | | 280.649.160 |
| Skuldbinding vegna VR varasjóðs | | | | 2.714.344.829 | | | 2.714.344.829 |
| Viðskiptareikningar við aðra sjóði | | 198.945.922 | | 130.759.876 | 15.796.019 | (345.501.817) | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 271.868.017 | 70.191.595 | 39.027.203 | 11.768.330 | 13.050.316 | | 405.905.461 |
| Skammtímaskuldir | 288.806.759 | 363.427.185 | *39.027.203* | 2.901.022.722 | 154.117.398 | (345.501.817) | 3.400.899.450 |
| | | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **3.776.145.042** | **4.303.010.092** | **2.442.936.108** | **2.775.782.575** | **7.084.194.595** | **(345.501.817)** | **20.036.566.595** |